

BÓNDAVARÐAN

19. APRÍL 2023. 23. ÁRGANGUR

MÚLAPING

HAMMONDHÁTÍÐ 2023

FIMMTUDAGUR // KL. 21:00 - HÓTEL FRAMTÍÐ

20.
APRÍL

CLASSIC ROCK
MEÐ MAGNA OG STEBBA JAK

FÖSTUDAGUR // KL. 21:00 - HÓTEL FRAMTÍÐ

21.
APRÍL

SVAVAR ORGAN TRIO
200.000 NAGLBÍTAR

LAUGARDAGUR // KL. 21:00 - HÓTEL FRAMTÍÐ

22.
APRÍL

HJÁLMAR

SUNNUDAGUR // KL. 14:00 - DJÚPAVOGSKIRKJA

23.
APRÍL

RAGGA GÍSLA

MIÐASALA Á **tix.is**
WWW.HAMMONDHATID.IS

HAMMONDHATID



H-BERG



ÁVARP SVEITARSTJÓRA



Kæru íbúar.

Þessa dagana er unnið að því innan stjórnsýslu sveitarfélagsins að greina hvernig hægt verði að standa við þau áform í rekstri og framkvæmdum sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Frá því að fjárhagsáætlun var unnin sl. haust hafa ýmsar forsendur breyst sem hafa áhrif á þessa þætti og vega þar þýngst verðbólga og hækkun launa sem hvoru tveggja eru þó nokkuð yfir því er áætlun gerði ráð fyrir. Launahækkunin mun að verulegu leyti skila sér inn aftur í auknum tekjum til sveitarfélagsins en það sama mun ekki eiga við um hækkun verðlags. Því er mikilvægt fara í þessa vinnu og stefnum við að því að henni verði lokið nú í apríl. Markmiðið er að við getum staðið við fyrirbyggjandi áform varðandi uppbyggingu innviða og jákvæða þróun okkar ágæta samfélags en mögulega munum við þurfa að breyta einhverjum útfærslum þannig að áfram verði unnið að þróun mála með ábyrgum hætti. Í beinu framhaldi af þessari greiningarvinnu verður síðan unninn rammi að fjárhagsáætlun Múlaþings fyrir árið 2024 og næstu þrjú ár þar á eftir sem samkvæmt verkáætlun verður afgreidd í júnímánuði.

Verkefnin sem horft er til að ráðast í innan sveitarfélagsins eru allnokkur. Hafin verður vinna við gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið á árinu en í gildi eru

aðalskipulög sveitarfélaganna fjögurra sem sameinuðust í Múlaþing og eru sum þeirra útrunnin. Þessi vinna er gífurlega mikilvæg því í henni mun felast m.a. stefnumótun í öllum helstu málaflokkum er snúa að framtíðarmótun samfélagsins okkar, s.s. atvinnu-, menningar-, umhverfis- og auðlindamálum, svo eitthvað sé nefnt. Unnið er einnig að skipulagningu athafnasvæða s.s. við Egilsstaðaflugvöll, hafnasvæða á Djúpavogi og á Seyðisfirði auk þess sem að framkvæmdir, mismiklar, eru í gangi við allar hafnir Múlaþings. Unnið verður áfram að snjóflóðavörnum við norðanverðan Seyðisfjörð og verður lögð mikil áhersla á að sem fyrst verði hafist handa við framkvæmdir við varnir vegna aurflóða við sunnanverðan Seyðisfjörð. Snjó- og krapaflóð á Austfjörðum nú nýverið sýndu okkur enn einu sinni hversu mikilvægt er að við þessu verði brugðist sem fyrst með ábyrgum hætti.

Fjölbreytni atvinnulífs auk mannaúðs er það sem m.a. gerir það að verkum að Múlaþing á auðveldara með að bregðast við áföllum, sökum tímabundins samdráttar á einstök sviðum atvinnulífs, en ella. Innan Múlaþings er fjölbreytt landbúnaðarstarfsemi, starfsemi fiskvinnslu og fiskeldis skapa fjölda starfa, verktakastarfsemin er öflug auk þess sem að ýmis þjónustustarfsemi er umfangsmikil s.s. verslanir, lögfræði-, verkfræði-, endurskoðunar- og arkitektastofur svo eitthvað sé nefnt.

Eins og við höfum flest orðið vör við þá hefur vægi ferðaþjónustunnar í atvinnulífi svæðisins verið að aukast umtalsvert á undanförunum árum. Ekki er útlit fyrir annað en að þessi þróun muni halda áfram og því mikilvægt að við náum að þróa okkar innviði þannig að bæði það ágæta ferðafólk sem kys að koma til okkar fái notið þess að koma hingað sem og að þetta hafi jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu og íbúapróun í samfélaginu til framtíðar. Unnið er að þessum málum af hálfu sveitarfélagsins í samstarfi við hagsmunaaðila og hafnir sveitarfélagsins m.a. og hef ég trú á því að sú vinna muni skila okkur farsæld til framtíðar.

Auk þessa er rétt að hafa í huga að öflugt menningar-, íþróttar- og tómstundastarf er bæði í þróun og til staðar í öllum kjörnum sveitarfélagsins sem bæði er til þess fallið að laða til okkar gesti annars staðar frá auk þess að bæta lífsgæði okkar sem erum svo lánssöm að búa hér.

Ég ætla ekki að þreyta ykkur, ágætu íbúar Múlaþings, á frekari lestri að sinni en óska okkur öllum farsældar og hlakka til að starfa með ykkur áfram.

Sveitarstjóri.

**Gleðilegt sumar
frá
Bakkabúð**

PÆLARI BÓNDAVÖRÐUNNAR

Um gestabækur og auðkenni

„Hvernig er veðrið hjá þér, snjóar? Já, hann spáði því auðvitað“

Okkar samskiptamenning og samfélagsmenning hefur þróast með því móti að okkur er afskaplega tamt að byrja öll símtöl á því að staðfesta lesfærni og innsýn okkar í veðrið. Við fylgjumst með veðrinu alla daga jafnvel fyrir allt landið. Annað sem við höfum haft mikinn metnað fyrir og er hluti af okkar menningu er að vera slankfær í ættfræði, ekki bara okkar eigin heldur ekki síður annarra. Rekja ferðir hvors annars þvers og kruss um landið eða erlendis og vera því gjaldgeng í samræður í heita pottinum eða búðinni.

Þegar ég flutti á Austurland var ég reglulega spurð að því hvaðan ég væri. Ég er enn spurð og nú er mig farið að vanta nýja málnotkun sem útskýrir hvaðan ég er. Ég er annarrar kynslóðar Reykvíkingur. Foreldrar mínir eru bæði alin upp á mölinni sem telst nú bara talsvert löng ættarsaga í Reykjavík. Síðan á ég forfeður sem voru úr Grímsnesi, aðra sem voru í Reykjavík, einn var frá Langanesi, einn var nokkra leggi aftur vestan af fjörðum og ein var frá Seyðisfirði.

Slíkt gerir mig samt ekki að Seyðisfirðingi enda er ég ekki forfeður mínir þótt ég eigi ættir að rekja út og suður. Eða í mínu tilfelli austur og vestur.

Fyrir nokkrum árum fórum við hjónin í ferð Austfirðinga í Mývatnssveit og á ferð okkar um svæðið var að finna gestabók. Hópurinn tók að munda pennann til að þakka fyrir okkur og merkja það vel að við hefðum nú komið við hjá nágrönnum okkar í Mývatnssveit. Minn helsti óvinur er gestabókin og ég skal útskýra af hverju. Maðurinn minn gekk stoltur að borði og skráði nafn sitt. Stórum stöfum aftan við setti hann nafn síns sveitabæjar. Ég horfði á bókina og hugsaði, hvað á ég að segja Jónína Brynjólfsdóttir, Reykjavík, gerir það einhver? Ég var vitaskuld ekki að koma alla leið frá Reykjavík í þessa ferð til Mývatns, á ég að segja Egilsstaðir þá? Mitt í minni andlegu krísu kemur aðsvífandi ein kona í hópnum sem ritar nafn sitt og setur aftan við, Neskaupstaður. Ég varð aðeins hugsí og spurði hana, bíddu þú ert frá Reykjavík, hvenær byrjaðir þú að skrifa þig frá Neskaupsstað? Án umhugsunar svarar hún, já um leið og ég fattaði að ég hafði verið jafnlegi í Neskaupstað og í Reykjavík. Þetta fannst mér áhugavert.

Um daginn hitti ég gamla nágrannakonun mína frá Reykjavík sem er nýflutt hingað austur og í samtali okkar fór ég að fabúlera um hvað á daga mína hefði drifið síðan við hittumst síðast en ég fór frá Reykjavík 29 ára. Það kom algjörlega flatt upp á mig þegar ég uppgötvaði í samtali okkar að meirihluta minna fullorðinsára hef ég verið á Austurlandi. Ég kom hingað fyrir 15 árum og hef því verið hér 34% ævinnar. Hvort tilheyrir ég þá Reykjavík eða Egilsstöðum?

Íþróttafélög segja oft til um það hvar þú staðsetur þig hverju sinni eða réttara sagt, hvar þú auðkennir þig eða skilgreinir. Enska orðið er kannski meira lýsandi „identify“. Ég held auðvitað með Hetti, ég held ekki með Ármanni þótt ég hafi sjálf stundað íþróttir með þeim á mínum unglingsárum. Ég auðkenni mig sem Egilsstaðabúa og Austfirðing, ég er þátttakandi í öllu sem gerir okkur Austfirðinga að því sem við erum. Austurland er í hjarta mínu, fallegi landshlutinn minn með fjölbreyttri náttúru, góðu og metnaðarfullu fólki sem eru vinir mínir og samferðafólk í lífinu.

Jónína Brynjólfsdóttir
Forseti sveitarstjórnar



HAMMONDHÁTÍÐ DJÚPAVOGS

Hvernig varð hún til?

Það má eiginlega segja að með tilkomu menningarstyrkja fyrir um 20 árum síðan hafi Hammondhátíðin á Djúpavogi orðið að veruleika.

Ég undirritaður var þá starfandi sem tónlistarmaður á Djúpavogi og hafði í aðdragandanum reynt að fá vini og kunningja til að koma alla leið á Djúpavog til að taka lagið. Ferðin þótti fólki löng og engu gat ég lofað um greiðslur. En umsókn mín til Menningarráðs Austurlands, sem hafði Hammondorgelið sem miðpunkt, var samþykkt og því leitaði ég strax að fólki til samstarfs til að reyna að gera þetta sem best úr garði. Úr varð að stofnað var félag sem samanstóð af því góða fólki Þóri Stefánssyni, Birni Hafþóri Guðmundssyni, Hlíf Herbjörnsdóttur, Gunnari Steini Gunnarssyni, Hrönn Jónsdóttur og mér. Án þeirra og allra hinna sem á eftir hafa komið, hefði þetta allt saman aldrei orðið svona glæsilegt eins og sagan hefur sýnt. Það mér því sérstök ánægja að fá að koma þetta árið og fá að taka þátt. Ég vill minnst á hann Halldór Blúsmann Bragason, að öllum öðrum ölostuðum, sem var frábær félagi og í góðum samböndum við margt af því listafólki sem fengist hefur til að mæta.



Ég vill þakka Djúpavogsbúum sjálfum sem hafa haldið þessu gangandi öll þessi ár og óska öllum sem koma til með að njóta Hammondhátíðarinnar í ár, og um ókomna framtíð, góðrar skemmtunar.

Svavar Sigurðsson

TÓNLISTARFÓLKID Á HAMMOND 2023

FIMMTUDAGUR - Magni & Stebbi Jak

Nafn hljómsveitar:

Classic rock með Stebba og Magna

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð með ykkar atriði: Stebbi Jak, Magni, Einar Þór, Ingi bassi, Óli Hólm og Tobbi Hammond.

Hvað er að fréttu af ykkur? Við erum ofsalega glaðir og fullir tilhlökkunar! Stebbi og Magni nýbúin að gefa út ný lög og allir í bandinu að spila með hinum og þessum út um allt!

Nú hafið þið komið fram á hátíðinni áður. Hvaða Hammond tókuð þið þátt í? Það man ég (Magni) ekki! Við höfum allir spilað þarna oftar en einu sinni.

Hvað gerir Hammondhátíð frábrugðna öðrum hátíðum?

Nálægðin við fólkið og orkan á staðnum, til að nefna eitthvað. Það er bara einhver afslöppun og fagmennska sem skilar sér í upplifuninni.

Hvað er eftirminnilegast eða skemmtilegast við Djúpavog að ykkar mati?

Ég er auðvitað að austan þannig að ég hef endalaugar tengingar við Djúpavog - spilaði þarna fyrst 1998 held ég.

Hvað hafið þið verið lengi í tónlist?

Svona 178 ár samanlagt, við erum 6 í bandinu.

Hvaða plötum eða lögum mælið þið með fyrir hátíðargesti að hlusta á, til að undirbúa sig fyrir framkomu ykkar á hátíðinni?

Bara allt sem heitir classic rokk og ról

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2023 eiga von á frá ykkur?

Látum og gleði.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Já - það er ofarlega á blaði!

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Að ferðast með vinum sínum, hitta skemmtilegt fólk og reyna að fá það með í gleðina sem er rokk og ról!



TÓNLISTARFÓLKID Á HAMMOND 2023

FÖSTUDAGUR - 200.000 naglbítar

Nafn hljómsveitar:

200.000 Naglbítar

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð með hljómsveitinni:

Benedikt Brynleifsson, Vilhelm Anton Jónsson og Kári Jónsson.

Hvað er að fréttu?

Við erum að starta þessari gömlu díselvél aftur eftir smá pásu. Búnir að vera að æfa og erum heldur betur tilbúnir í komandi gigg.

Hafið þið komið á Djúpvog áður?

Já, allir, Kári langoftast.

Hvað er eftirminnilegast eða skemmtilegast við staðinn að ykkar mati?

Döðlukakan í Löngubúð og að sjálfsgöðu Egg Sigurðar Guðmundssonar í Gleðivík.

Hvað hafið þið verið lengi í tónlist?

Við erum allir búnir að vera í tónlist síðan að við vorum börn, alltaf til hljóðfæri á okkar heimilum. Pabbar okkar voru atvinnutónlistarmenn, voru í hljómsveit Ingimars Eydal og Randver.

Hvaða plötum eða lögum mælið þið með fyrir hátíðargesti, að hlusta á til að undirbúa sig fyrir framkomu ykkar á hátíðinni?

Við munum taka okkar vinsælustu lög. Þau er að finna á öllum þremur plötunum sem við höfum gefið út. Mælum með að hlusta á þessar plötur, því þar leynast líka gullmolar sem heyrast sjaldan.

Hvert er vænghaf Kondórsins?

Andeskondórinn ber þar af, með vænghaf upp á ca 3,5 metra. Hann er allt að 12kg að þyngd!

Hverju mega gestir Hammondhátíðar 2023 eiga von á frá ykkur?

Mikilli spilagleði, stemmningu og góðum sögum. Bandið var stofnað 1993 og margt skemmtlegt hefur komið upp á.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Við höfum oft notað hammondorgel í okkar tónlist og fengið þá okkar bestu menn í að spila inn fyrir okkur. Það er alltaf mikill sjarmi yfir þessu hljóðfæri.

Hvernig finnst ykkur best að semja tónlist?

Við höfum haft þann háttinn á að semja lögin saman. Köstum á milli okkar hugmyndum. Villi semur alla texta og hefur alltaf gert.

Hvað er framundan hjá ykkur?

Núna erum við að fara í gang aftur og eftir hátíðina ætlum við að fara að semja og gefa út nýtt efni. Það er mikill hugur í okkur.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Að fá að skapa, spennan við að gefa út nýtt efni og standa og falla með því. Svo er það samveran með vinum.





Vertu áskrifandi
Bóndavörðunnar

TVÖ TÖLUBLÖÐ Á ÁRI SEND
HEIM AÐ DYRUM
ÁRGJALDIÐ ER 3000 KR.

BÆTTU ÞÉR Í HÓPINN!

mulathing@mulathing.is

#plok2023

Árlegi EYBÓRS PLOKK DAGURINN 30.apríl



Múlaping hvetur fyrirtæki, stofnanir, félagsamtök og einstaklinga að taka þátt og hvetja aðra til þátttöku.

Starfsmenn bæja munu hirða upp poka og annað eftir plokk bæjarbúa.

Þátttakendur eru hvattir til að gera sér gláðan dag og fagna saman að lokinni góðri tiltekt. Hægt er að sækja um styrk til að halda grillveislu að plokki loknu, hjá verkefnastjóra umhverismála - margret.sveinsdottir@mulathing.is

Hægt er að nálgast poka í þjónustumidstöðvum Múlapings
Gráir fyrir plast - Svartir fyrir annað

LJÓÐIN FRÁ PHILIP VOGLER

Einn tryggasti lesandi Bóndavörðunnar er án efa Philip Vogler á Egilsstöðum. Philip er áskrifandi blaðsins og fyrirtaks ljóðskáld. Hjá honum verða jafnan til skemmtilegar vísur við lestur blaðsins. Bóndavarðan fékk góðfúslegt leyfi höfundar til að birta þessi verk og dálítið um það hvernig þau komu til. En vísanir fyrri ljóðanna tveggja eru í síðasta tölublað Bóndavörðunnar, jölublaðið.

Neðarlega í grein um skógræktina okkar í Hálsi, á bls. 9, koma fram áform skógræktarfélagsins eftir áramót. Þessa hvatningu leggur höfundur til að félagið noti en byggir ljóðstafi efri vísuhelmingsins á orðum greinarinnar sjálfrar:

Hálsaskógi leggjum lið,
lengja tekur dag.
Eflum góðan gamlan sið
gróðrinum í hag.

Um íslenskukennslu Austurbrúar hreifst Philip af námsefni Berglindar. Þar orti hann út frá málshættinum „Mjór er mikils vísir“ en með sjónarhorni nemendahópsins. Meiningin er hér um bil: Hlutfallslega eykst þekking byrjandans hraðar en nemans sem er langt kominn því sá síðari þekkir strax heilmikinn orðaforða og málfræði.

Um allt það hér sem Lísu lýsir
læra erum þyrst.
Mjóst er þekking mikils vísir
mest því lærum fyrst.

En nú líður senn að Hammondhátíð okkar Djúpavogsbúa og lét Philip ekki vanta stöku henni til heiðurs.

Margt á alltaf þátt í að H-hátíð Djúpavogs heppnist.
Að gleðskap ljúfir tónar trekkja,
takt að dansa og slá til bekkja
Hammond-lög því sjaldnast svekkja
segja öll sem fjörið þekkjja.

Bóndavarðan þakkar góðu skáldi innleggin og vonar innilega að ljóðunum fjölgi með hverju tölublaði.

Gleðilega Hammondhátíð kæru lesendur!

Ferðaáætlun Ferðafélags Djúpavogs 2023

Annan laugardag í mánuði á tímabilinu janúar - maí og október - desember verður farið í fræðslugöngur í nágrenni Djúpavogs. Um er að ræða átta göngur sem auglýstar verða á Facebook síðu Ferðafélagsins.

18. mars

Fjölskylduferð í Oddskarð Skíðaferð.

Fararstjóri: Kristján Ingimarsson

13. maí

Stefánsanga.

Gengið verður um Djúpavog og rifjaðar upp sögur úr bókum

Stefáns Jónssonar.

Fararstjórar: Kristján Ingimarsson og Ólafur Áki Ragnarsson

21. júní

Sólstöðuganga á Melrakknesfjall.

Gengið verður upp á svokallaða Hnútu á Melrakknesfjalli og reiknað er með að vera þar uppi um miðnætti á lengsta degi ársins.

Fararstjóri: Kristján Ingimarsson

24. júní

Vinnuferð í skála félagsins á Leirási í Múladal.

Verkstjóri: Kristján Karlsson

7. júlí

Fjölskylduferð á Snjótind.

Ferðafélag Djúpavogs 40 ára og haldið verður upp á það

með því að fara í afmælisferð á Snjótind. Fararstjórar: Kristján Ingimarsson og Ólafur Áki Ragnarsson

29. júlí

Geitdalur/Fljótisdalur – Fossárdalur.

Gönguleið um 25 km. Fyrir á tímum var þessi leið gengin þegar skroppið var í verslun á Djúpavog.

Fararstjóri: Hafliði Sævarsson

26. ágúst

Haukafell.

Bílaferð í Haukafell þar sem umhverfið er stórbrotið og margar gönguleiðir í boði

Fararstjóri: Ragnar Eiðsson

Ath ferðir geta breyst vegna veðurs en allar breytingar verða auglýstar á facebook-síðu félagsins.

LÖGREGLUMAÐUR



Góðan daginn kæru Djúpavogsbúar,

Ég starfa nú sem lögreglumaður hér á Djúpavogi og hóf störf í lok janúar síðastliðnum. Að starfa sem lögreglumaður er starf sem mig hefur dreymt um frá því ég man eftir mér. Af hverju veit ég ekki alveg en ég hef þó frá unglingsaldri verið í björgunarsveitinni og í hlutastarfi á sjúkrabílnum. Svo það að vilja hjálpa fólki hefur alltaf verið stór hluti af mínu lífi og gæti skýrt það hvers vegna ég hafði áhuga á að prófa lögreglustarfið.

Skrifstofa lögreglunnar er staðsett á neðri hæðinni í Geysi og fer mjög vel um mig þar. Ég nýt þar góðs félagskapar frá því góða og skemmtilega fólki sem einnig vinnur í húsinu. Ég vinn samkvæmt ákveðnu vaktaplani, vaktir og frí á milli, en auk þess er ég með bakvaktasímann þar sem aðrir lögreglumenn og Neyðarlínan geta náð í mig.

Að vera lögreglumaður finnst mér bæði skemmtilegt en á sama tíma krefjandi. Verkefnin eru fjölmörg og mismunandi og geta sum þeirra verið erfið og tekið á en það er auðvitað hluti starfinu. Ég er fæddur og uppalinn hér á Djúpavogi, þar sem allir þekkja alla og það hefur vissulega sína kosti og kannski galla. Ég hef þó alltaf litið á það þannig að starf lögreglunnar sé nauðsynlegt fyrir samfélagið og starf mitt sé að framfylgja settum lögum og reglum og að vera til staðar fyrir fólk.

Að mínu mati er það bráðnauðsynlegt að hér á staðnum sé starfandi lögreglumaður þar sem langar vegalengdir eru á næstu starfsstöðvar lögreglunnar, á Hornafirði og á Fáskrúðsfirði. Þess vegna auglýsti lögreglan á Austurlandi eftir stöðum tveggja lögreglumanna, eins varðstjóra og eins lögreglumanns. Enginn lærður lögreglumaður sóttist eftir starfinu en ég sótti um og fékk ráðningu. Ég er þó ekki búinn með námið í lögreglufræðunum en hef lokið einu ári við Háskólann á Akureyri og stefni á að klára námið á næstu árum.

Fyrstu mánuðir mínir í nýju starfi hér á Djúpavogi hafa verið góðir og þægilegir og sem betur fer ekkert alvarlegt komið upp á. Margir hafa komið til mín og sagt mér að hvað það sé gott að sjá og vita af því að það er lögregla hérna á staðnum.

Mig langar að nýta þetta tækifæri og minna foreldra á að þau eru bestu fyrirmyndirnar fyrir börnin sín. Notaðu öryggisbelti, stoppa við gangbraut, fylgja löglegum hraða og almennt fara eftir lögum og reglum. Ég hef fengið að heyra það að börnin séu nú mörg hver vel á tánum og spyrji foreldrana hvort þau séu nú ekki örugglega með beltin spennt og keyri nokkuð of hratt, ef þau sjá lögreglubílinn fyrir framan skólana. Það þykir mér mjög gaman að heyra.

Mig langar í lokin til þess að þakka Djúpavogsbúum fyrir góðar móttökur í nýju starfi. Höldum áfram að vera til fyrirmyndar og til staðar fyrir hvert annað, líkt og við höfum alla tíð gert.

Bestu kveðjur, Guðmundur Helgi Stefánsson

Á HVAÐ ERTU AÐ HLUSTA, HORFA, LESA



Purý Harðardóttir

Hlusta

Þessa dagana hef ég verið að hlusta á tónlist Hans Zimmer en hann á mikið af virkilega fallegri kvikmyndatónlist. Hún bæði róar og getur verið valdeflandi. Svo er gítarspilið hjá syni mínum dagleg hlustun og hún er toppurinn.

Horfa

Miðvikudagar eru Mandalorian dagar en þá horfum við fjölskyldan saman á nýjasta Mandalorian þáttinn. Inn á milli höfum við svo verið að horfa á grínseriur og vorum við að klára fyrir stuttu Brooklyn nine-nine.

Lesið

Ég var að byrja á bók sem heitir Me Vs Brain: An Overthinker's Guide to Life. Hún fjallar á kómískan hátt um þessa innri litlu rödd sem margir kannast kannski við. Höfundurinn hefur verið með litla sketsa á netinu sem ég hef hlegið og tengt mikið við svo þegar ég frétti af þessari bók varð ég að lesa hana. Harry Potter-bækurnar eru svo alltaf á hliðarlínunni enda veit ég ekki lengur hversu oft ég hef lesið eða hlustað á bækurnar.

FRÁ HEIMASTJÓRNINNI Á DJÚPAVOGI

Í byrjun árs hóf heimastjórnin á Djúpavogi vinnu við stefnumótandi aðgerðaáætlun fyrir árið 2023 sem nú hefur verið gerð aðgengileg íbúum. Tilgangurinn er að ná betur utan um verkefni heimastjórnar með það að markmiði að starfið verði markvissara og sýnilegra fyrir ykkur íbúa og athafnafólk. Heimastjórn vonar að aðgerðaáætlunin gefi ykkur betri yfirsýn yfir þau mál sem eru í gangi og stöðu þeirra hverju sinni. Enda er skjalið lifandi í þeirri merkingu að það er formlega uppfært eftir hvern heimastjórnarfund og þegar staða verkefna breytist.

En hvað er nú það helsta sem hefur áunnist sem tryggir grundvöll fyrir öflugum atvinnulífi og bætir lífsgæði íbúa sem eru einmitt tvö megin stefnumótandi markmið heimastjórnar?

Íbúða- og hestaþróttasvæði, verndarsvæði í byggð og hitaveituvæðing Af skipulagsmálum sem einna helst tengjast íbúum er það helst að fréttu að þegar aðalskipulagsbreytingin hefur tekið gildi (væntanlega í haust) verður hægt að hefjast handa við íbúasvæðið í Hammersminni. Íbúafundur um verndarsvæði í byggð var haldinn í febrúar og vinnur skipulagsfulltrúi nú að samantekt um málið. Unnið er að birtingu lausra lóða í kortasjá Múlapings þar sem lóðablöð, deiliskipulag og annað verður aðgengilegt íbúum.

Gert verður ráð fyrir hestaþróttasvæði í nýju aðalskipulagi Múlapings, en endanleg staðsetning hefur ekki verið ákveðin. Heimastjórn tók undir með Hestamannafélaginu Glampa og ábendingum skipulagsfulltrúa um að svæðið verði staðsett í Bóndavörðulág.

Þau gleðitíðindi bárust í mars að HEF veitur ætla að freista þess að hitaveituvæða Djúpavog. Í greinargerð frá HEF kemur fram að tilraunadælingar séu hafnar og gert er ráð fyrir að vinna við borun hefjist í sumar. Á meðan á þeirri vinnu stendur verður Körinum lokað af öryggisástæðum. Heimastjórn leggur áherslu á að hönnun og skipulag á nýjum baðstað hefjist um leið og fyrir liggur hvort nægt vatn er á svæðinu til að það sé mögulegt.

Laxasláturhús, nýtt deiliskipulag og ferðaþjónusta Af skipulagsmálum sem einna helst tengjast athafnalífi þá er undirbúningur í gangi að nýju laxasláturhúsi í Þúfuhauni. Heimastjórnin á Djúpavogi samþykkti að kynna vinnslutillögu nýs deiliskipulags fyrir athafna- og hafnarsvæði við Innri Gleðivík sem íbúar voru hvattir til að nálgast og koma með ábendingar og/eða athugasemdir fyrir 13. apríl. Beðið er eftir athugun Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu um aðalskipulagsbreytingu vegna útrásar, hreinsistöðvar íbúðabyggðar o.fl. Fundur með hagaðilum vegna móttöku skemmtiferðaskipa á Djúpavogi í sumar var vel sóttur og ljóst að mikill vilji er til samvinnu á svæðinu til að móttaka skipanna gangi vel í sumar.

Vart hefur farið framhjá neinum sú fjölmiðlaumfjöllun sem varð í kjölfar bókonar heimastjórnar þar sem hún harmaði að þau fyrirtæki sem standa að rekstri í þjónustukjarna Djúpavogs hafi ekki viljað koma þar upp salernisaðstöðu. Ferðamenn gera þar ráð fyrir að slík aðstaða sé fyrir hendi þegar þeir stoppa þar til að kaupa þjónustu. Málið er enn í vinnslu og er m.a. verið að leita álits Heilbrigðiseftirlits Austurlands á því hvort ekki sé skylt að sjá viðskiptavinum fyrir salernisaðstöðu á staðnum.

Cittaslow, menningarstarf, samfélagsverkefni og enduruppbygging Heimastjórn fagnaði mjög þeim mikla áhuga sem kjarnakonur á Djúpavogi sýndu stofnun Cittaslow hóps, enda Cittaslow okkur íbúum mikilvægt og kært. Hópurinn hefur fundað reglulega frá stofnun og ákvað nýlega að fjármagni (500.000 kr.) ætluðu til menningarstarfs sem heimastjórn úthlutaði hópnum, yrði varið til að skrá og varðveita samtímaheimildir s.s. úrklippur, myndbönd, ljósmyndir og útgefið efni sem tengjast gamla Djúpavogshreppi.

Heimastjórn óskaði nýverið eftir tillögum frá íbúum um heppileg verkefni til að nýta tveggja milljóna króna fjármagn til samfélagsverkefna á Djúpavogi í. Af innsendum tillögum leist heimastjórn best á tillögum um leikkastala á fjölskyldusvæðinu í Blánni sem verður vonandi að veruleika fyrir sumarið.

Þau gleðitíðindi bárust í vor um að veglegir styrkir hefðu fengist úr húsafríðunarsjóði til enduruppbyggingar gömlu kirkjunnar á Djúpavogi, Faktorshússins og Hofskirkju í Álftafirði. Samtals að fjárhæð 6.200.000 kr. sem sannarlega munu nýtast vel.

Samgöngur, orkuöryggi og fjarskipti Heimastjórn hefur lagt mikla áherslu á að gera það sem í hennar valdi stendur til að þrýsta á um að ekki verði frekari tafir á vetrarvegi yfir Öxi og að vetrarþjónustu þar sé sinnt eins og best er á kosið. Íbúar urðu fyrir miklum vonbrigðum þegar ákveðið var að fresta snjóhreinsun í byrjun mars og því fleygt að minna verk hefði verið að halda henni opinni en leyfa klaka og snjó að safnast upp frá áramótum og grafa sig svo í gegnum það. Í byrjun apríl var loks hafist handa og vegurinn opnaður á skírdag. Ökumenn biðu ekki boðanna því þann sama dag fóru 120 bílar yfir Öxi (120 x 70 km/sparnaður x 85,87 kr/km skv. FÍB) sem er sparnaður upp á ríflega 720 þúsund krónur án reiknaðs minnkaðs vinnutaps/tímasparnaðar. Dagana á eftir var hún svo eðlilega enn meiri og var t.a.m. 448 á annan í páskum (2,7m kr. sparnaður).

Staðfest hefur verið að þriggja fasa rafmagn og ljósleiðari samhliða því verði lagt frá Núpi að Kelduskógum í sumar sem er auðvitað mikið fagnaðarefni. Það voru þó mikil vonbrigði að ekki yrði farið lengra í þessum áfanga og er því næsta verkefni að þrýsta á að það verði gert eins fljótt og verða má og eins að haldið verði áfram með þrífösun í Álftafirði.

Íbúafundur heimastjórnar Að lokum viljum við minna á íbúafund heimastjórnar fimmtudaginn 27. apríl í Löngubúð kl. 17-19. Ákveðið var að hafa hann sameiginlegan fyrir þorpið og sveitirnar að þessu sinni og vonum við að sem flest sjái sér fært að mæta.

Góða skemmtun á Hammondhátíð!
Heimastjórnin á Djúpavogi

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA, HORFA, LESA



Bergþóra Valgeirsdóttir

Ég var að klára að hlusta á síðustu bók Camillu Läckberg, Gauksungann. Ég hef hlustað á allar bækurnar hennar. Nú er ég að horfa á The Rookie og House of The Dragon.

LYKKJAN

Aldrei gleymi ég þegar ég fór í mína fyrstu sólarlandaferð. Ástæðan fyrir því er ekki einungis bundin ljúfum minningum um pálmastrendur, sangríu og grísaveislu. Heldur var brottför mín frá Mallorca talsvert eftirminnileg. Eftir að farastjórinn hafði kvatt okkur með kossum og tárur fyrir utan flugstöðina gengum við sólþrennd og sæl þessa hefðbundnu leið sem farþegar ganga við brottför.

Ég var með þeim síðustu sem inn fór, því minn ágæti ektamaki var að gleðjast með öðrum glöðum, sem höfðu verið að klára afganga í fljótandi formi úr ísskápunum fyrir brottför og var hann, ásamt öllu hinu samferðafólkinu, kippikorn á undan og horfinn sjónum.

Ég var hins vegar ekkert að flýta mér að yfirgefa sæluríkið Mallorca og rölti hálf þunglynd inn í vopnaleitarhliðið, sem rak upp eyrmarlegt væl þegar ég gekk í gegn. Lítill, dökkur maður þreif harkalega í mig og þrykkti mér upp að vegg. Þar þreif hann upp úr þússi sínu staut og byrjaði að „skanna“ mig hátt og lágt. Ég streittist á móti og ætlaði hvorki að missa af samferðafólki, né vél til Íslands.

Umsvifalaust voru svo komnir tveir vopnaði delar á vettvang sem stóðu, að því er mér virtist, alþví að hleypa af ef ég sýndi frekari mótþróa. Sá með stautinn beindi nú allri athygli sinni að maganum á mér. Skyldu þessir ljúflingar halda að ég hefði gleypst skammbyssu, eða að ég væri þaulvanur sverðagleypir og myndi síðan salla niður fólki í vélinni, eða hvað var eiginlega hér í gangi?

Skyndilega rann upp fyrir mér hræðilegt ljós. LYKKJAN! Það var lykkjan mín! Elsku yndislega getnaðarvörnin sem alltaf hafði reynst mér svo vel. Hver andskotinn var nú getnaðarvörn á ensku? Ensukunnátta mín, sem ég var svo stolt af á Spánargrund (allavega eftir svona tvo til þrjá bjóra) var gufuð út í veður og vind. Þessir elskulegu spænsku drengir skildu líka harla fátt í þjóðtungu Shakespears gamla sáluga, allavega ekki slíka sérhæfða grein hennar sem sneri að fyrirbrigði sem þessu. Ég reyndi að segja „Anti baby“.... og síðan „No baby“.... ekkert virkaði. Leikræn tjáning til útskýringa hefði heldur tæplega orðið mér til framdráttar....

Þeir litu á mig með viðbjóði og nú beið mín ekkert nema dvöl í spænsku fangelsi upp á vatn og brauð, eða allavega harðhent innri skoðun á einhverjum spænskum spítala (vonandi kvenkyns aðila) og flugvélin löngu farin án mín í átt að heimahaga. Ég gerði lokatilraun. „My loop (lykkja), my loop!“ kveinaði ég hálfkjörandi og síðan gerði ég táknræna hreyfingu með hendinni sem minnti á beygjurnar á gamla Vaðlaheiðarveginum. Skyndilega slepti stautmaðurinn feng sínum og sagði „sorry lady“ og benti mér að fara í gegn. Þar með hafði ég bjargast fyrir tilverknað beygjanna á íslenskum þjóðvegi. Samferðafólkið fagnaði mér mjög þegar ég kom skjöggrandi til hópsins, sem var vís hætt að standa á sama. Auðvitað ortu þessi meinhorn svo um mig mjög háðslegar vísur alla leiðina heim...

Héraðslæknirinn heima hló sér til óbóta þegar ég bað hann seinna meir um lykkjuvottorð á ensku, en sagði jafnframt að ég væri alls ekki fyrsta konan sem hefði lent í slíkum hremmingum. Vottorðið góða ferðaðist síðan með mér fjölda ára um fögur sólarlönd. Enskan rifjaðist svo upp aftur, smátt og smátt, þegar ég var búin að ná mér eftir áfallið. En síðan hef ég gert mér grein fyrir að hún er kannski gloppóttari en ég hélt.

H

TÓNLISTARFÓLKID Á HAMMOND 2023



LAUGARDAGUR - Hjalmar

Nafn hljómsveitar:

Hjalmar

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð með hljómsveitinni:

Hljómsveitin Hjalmar samanstendur af söngvara og gítarleikara Þorsteini Einarssyni (Steina), hljómborðsleikara og söngvara Sigurði Guðmundssyni (Sigga), gítarleikara Guðmundi Kristni Jónssyni (Kidda), Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni (Valda Kolla) bassaleikara og Helga Svavari Helgasyni (Helga) trommuleikara.

Hvað hefur drifið á daga ykkar undanfarið?

Við bróllum allir ýmislegt og tökum upp lög annað slagið!

Nú hafið þið komið fram á hátíðinni áður. Hvaða Hammond tókuð þið þátt í?

Fyrir einhverjum árum síðan, rétt svar er samt 2011.

Hvað er það besta við Djúpavog að ykkar mati?

Fegurð Djúpavogs og Berufjarðar yfir höfuð heillar okkur og hið einstaka fólk sem þar býr.

Hvað hafið þið verið lengi í tónlist?

Hljómsveitin hefur starfað síðan 2003, þó meðlimir hennar hafi allir byrjað sem börn og unglingar í tónlist.

Hvaða plötum eða lögum mælið þið með að hátíðargestir hlusti á, til að undirbúa sig fyrir framkomu ykkar á hátíðinni?

Við mælum með að hlusta á allar plöturnar okkar og við komum til með að spila eitthvað af þeim flestum. Við hlökkum mikið til að spila fyrir ykkur og njóta austfirska loftsins.

Leyndardómar Austurlands

DJÚPIVOGUR

EGILSSTAÐIR

BORGARFJÖRDUR

SEYÐISFJÖRDUR

TÓNLISTARFÓLKID Á HAMMOND 2023



SUNNUDAGUR - Ragnhildur Gísladóttir

Meðlimir sem væntanlegir eru á Hammondhátíð með þér í ár:

Ég er svo heppin að með mér eru frábærir listamenn. Þeir eru Tómas Jónsson hljómborðsleikari, Guðni Finnsson bassaleikari og Magnús Magnússon slagverksleikari. Við þekkjumst öll mjög vel og höfum unnið saman að ýmsum verkefnum í gegnum tíðina bæði á tónleikum og einnig í upptökum. Þeir eru með mér í bandinu mínu ásamt þeim Lovísu Elísabetu og Halldóri Eldjárn. Við verðum með á Aldrei fór ég suður hátíðinni á Vestfjörðum. Það væri gaman að koma með allt bandið einhvern tíma á Austfirði og helst bara fljótlega. Við vorum með sturlaða tónleika í Eldborg Hörpu sl. október. Það var ótrúlega gaman.

Hvað er að fréttu? Hvað hefur drifið á daga þína undanfarið?

Ég er mikið að vinna í upptökum á ýmis konar verkefnum eins og heimildamyndum til dæmis. Ég er heppin að vera hlaðin verkefnum. Ég er að semja tónlist svo til alla daga fyrir alls konar. Það er gaman að fá að vinna við það sem mér finnst skemmtilegt. Ég skrifa tónlistina bæði á píanó og nota forritið Logic Pro, ef það segir eitthvað um vinnu mína. Ég sem tónlist mest á tölvuna og það tekur mest allan daginn. Svo er ég líka að syngja á samkomum víðs vegar, árshátíðir aðallega. Það er mjög skemmtilegt og mikið stuð. Það er svo mikilvægt að halda röddinni í formi og að vera í tengingu við fólk. Talandi um form, þá er nauðsynlegt að halda líkamanum í formi og það geri ég með því að fara í líkamsræktina World Class þrisvar í viku. Ég stunda líka tennis og svo hjóla ég fullt, utanvega helst, það er geggjáð gaman.

Hefur þú komið á Djúpvog áður?

Já, ég hef nokkrum sinnum komið á Djúpvog og þá oftast í of stutt stopp á ferðalögum. Þetta er með falgri stöðum á Íslandi og ég á eftir að koma þarna oft í framtíðinni því orkan og fegurð náttúrunnar þarna er mögnuð. Ég elska að grúfa mig ofan í jörðina og anda að mér dásemd Íslands. Djúpvogur er svo sannarlega með töfrana og undur náttúrunnar eru allt um kring. Ég hlakka til að koma á Hammond-hátíðina og ég hlakka líka til að koma í sumar og stoppa þá lengur. Það er planið að koma austur í sumar og njóta dásemda í göngu, á hjólinu, í golfi og liggja úti í móa einhvers staðar.

Hvað hefur þú verið lengi í tónlist?

Ég er listamaður, ólst líka upp þar sem tónlist skiptir miklu máli í lífinu. En ég hef unnið við tónlist frá því ég lauk námi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Pabbi minn var tónlistarmaður, lék á hljómborð ýmis konar. Hann var organisti í kirkjunni í Brautarholti á Kjalarnesi, lék á píanó og harmónikku. Hann kenndi tónmennt í skólanum þarna í sveitinni, en ég ólst einmitt upp þar. Pabbi tók mig með sér á alla tónleika sem hann sótti og það var æði. Ég bullaði auðvitað mikið á píanó sem krakki en fór ekki til píanó kennara fyrr en ég var 11 ára.

Hvaða plötum eða lögum mælir þú með, að hátíðargestir hlusti á, til að undirbúa sig fyrir framkomu þína á hátíðinni?

Við komum til með að flytja bæði þekkt lög sem hafa fylgt mér og einnig lög sem eru frekar óþekkt. Það eru lög sem ég samdi fyrir plötuna Ragga and The Jack Magic Orchestra, en hana er hægt að hlusta á á Spotify. Ef tími vinnst til munum við leika okkur aðeins og spinna í kringum sumt þarna. Við sjáum til, en það er mikilsvert að gera það ef aðstæður leyfa. Við erum mjög tengd hvert öðru, ég, Tommi, Guðni og Maggi, þannig að það er alltaf spennandi að leika með þeim. Þeir eru í einu orði sagt dásamlegir listamenn. era sem snertir mann.

Er hammondorgelið í uppáhaldi?

Hammondorgelið er í uppáhaldi hjá mér þegar Tommi (Tómas Jónsson) leikur á það. Hann tengist þessu hljóðfæri afar sterkt og manni finnst hann elska það af öllu hjarta og gagnkvæmt. Hann og Hammond að skapa og töfra fram eitthvað sem engin leið er fyrir mig að útskýra hér. Hammond er lifandi og falleg vera sem snertir mann.

Hvernig finnst þér best að semja tónlist? Koma lögin fyrst og texti svo eða öfugt?

Ég sem tónlist með ýmsum hætti, oftast beint á tölvuna eða fyrst á píanó þegar ég er að setja niður hljóma og laglínu og/eða formið. Það fer eftir verkefninu. Það eru alls ekki alltaf textar með verkunum mínum eins og Túnfíflasinfóníunni sem ég samdi og gaf út 2016. Þar blæs ég í túnfíflinn eins og hljóðfæri og tek allt upp. Síðan vel ég línurnar og hljóðin og klippi saman í fjóra þætti. Þessi sínfónía er 20 mín löng, en það tók mig marga mánuði að skapa hana. Ég byrjaði að vinna með túnfífl árið 2005, þá tókst mér að leika á hann og taka upp hin fjölbreyttu hljóð sem úr honum koma. Á þessum tíma var ég að nema tónsmíðar við Listaháskóla Íslands en ég lauk þar MA 2012. Mér finnst líka gaman að spinna með röddinni og geri mikið af því, get endalaust vaðið áfram.

Gerði alla Baby plötuna þannig sem og margar aðrar upptökur. En til þess að geta spunnið þarf að sleppa fyrirfram gefnum hugmyndum. Ef þú ert með hugmynd að spuna þá virkar ekki spuninn, þú verður að vera alveg opin og frjál.

Hvað er framundan hjá þér?

Framundan er vinna og útgáfa tónleikaplötunnar frá Eldborg í Hörpu sl. haust. Á þá plötu koma einnig ný lög sem verða samin og hljóðrituð í maí og júní. Svo er ég að búa til tónlist fyrir stöðnuverðið í Perlunni. Það er mjög skemmtileg vinna. Ég gerði tónlistina við Árona, sem er verið að sýna þar. Ég vinn mikið með Péttri Jónssyni Medialux í heimildar og skrauttónlist. Við gerðum einnig saman tónlistina í heimildarmyndina, Hækkum rána, á síðasta ári.

Hvað er skemmtilegast við að vera tónlistarmaður?

Það skemmtilegast við að vera tónlistarmaður er að vinna með flinkum og skemmtilegum listamönnum sem maður tengir við. Þegar maður fær fiðrildi í magann og gæsaþúð þegar eitthvað verk verður til, þá er gaman.

ÁRSHÁTÍÐ DJÚPAVOGSSKÓLA 2023

Í lok mars sýndu nemendur í Djúpavogsskóla söngleikinn Bugsy Malone fyrir fullu húsi á Hótel Framtíð. Það er sterk hefð fyrir því að árshátíð Djúpavogsskóla sé haldin með þessu hætti og árshátíðin er einn af stóru viðburðunum hér í okkar samfélagi.

Sýningin heppnaðist mjög vel enda allir búnir að leggjast á eitt við undirbúninginn. Fljótlega eftir áramót völdu nemendur í 10. bekk þrjú handrit sem nemendur á unglingastigi fengu svo tækifæri til að kjósa um og niðurstaðan var Bugsy Malone. Þá hófst vinna við að laga handritið að okkar útfærslu og það var verkefni sem 10. bekkur tók að sér í íslenskutímum.

Nemendur í 5.-10. bekk fengu tækifæri til að koma með óskir um með hvaða hætti þeir tækju þátt í þessu verkefni. Nemendum á yngsta stigi var úthlutað hlutverkum. Starfsfólk skólans fékk einnig tækifæri til að koma með óskir og raða sér niður í verkefni.

Þegar allt var klárt og búið var að skipa Írisi Dögg sem leikstjóra var hægt að hefja æfingar. Æfa þurfti sönginn og dansinn, útbúa leikmuni, hanna sviðsmynd, gera leikskrá, redda tæknimálum, græja búninga og margt annað.

Markmiðið með árshátíðinni er alltaf að virkja nemendur til að takast á við öll þessi verkefni með stuðningi frá starfsfólki, foreldrum og skólasamfélaginu. Þá er stefnt að því að nemendur fái tækifæri til að styrkja sína lykilhæfni, en í aðalnámskrá grunnskóla segir:

Lykilhæfni tengist öllum námssviðum. Hún snýr að hæfni í tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýnni hugsun, sjálfstæði og samvinnu, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Menntagildi lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur.



Það sem er svo einstakt við þennan viðburð er hvað það myndast sérstök stemning í kringum hann og sérstaklega á sýningardeg. Dagurinn byrjar á generalprufu þar sem elstu nemendur úr leikskólanum ertu gestir. Á generalprufunni er upplifunin gjarnan að allt gangi á afturfótunum og það má skera loftið vegna spennu. En þegar það er búið að stóla upp á hótelinu og gera allt klárt fyrir sýningu þá er ekki aftur snúið. Allt önnur stemning dettur í gang og í skólanum ríka allt aðrar reglur en aðra daga. Húsið fyllist af nemendum, starfsfólki, foreldrum og öðrum sem vilja hjálpa við að farða, greiða og koma öllum í búninga. Þetta er alltaf uppáhaldsdagurinn minn á skólaárinu. Korter í sýningu eru allir mættir á sinn stað á hótelinu og sýning hefst og þá gerast töfrarnir. Það er svo magnað að sjá að allt sem ekki gekk upp á generalprufunni, smellur saman á sýningunni.

Kæru nemendur, starfsfólk, foreldrar og aðrir sem lögðu okkur lið.


Innilega til hamingju með frábæra sýningu.

Obba

FLÖSKUR

í íslensku sjávarríki

Marine bottles of Iceland | Flaschen im isländischen Meer



Nýr móttökustaður

Vogaland 3
Opnunartími; fyrsta laugardag í mánuði frá kl 11-13
Sími 6900093

Flöskumóttaka
Endurvinnslan



ÞORRABLÓTSNEFND – SAMFÉLAGSLEGUR SAMHRISTINGUR

Það var mér mikill heiður að vera valin formaður þorrablótnefndar 2021 af fráfarandi þorrablótnefnd árið 2020. Ekki grunaði mig á þeim tímapunkti að ég yrði formaður nefndarinnar þrjú ár í röð. Eða svona næstum því. Þrjú ár er ansi langur tími til að safna efni og tala nú ekki um óvissuna sem fylgdi þessum blessaða Covid tíma. Eins og gengur og gerist fækkaði fólki í nefndinni samt sem áður af ýmsum ástæðum og þegar loksins kom að því að halda mætti almennilegt blót laumaði ég inn í nefndina mögnuðum einstaklingum úr samfélaginu sem stukku til. Jafnvel þó fyrirvarinn væri stuttur!

Ýmislegt gekk á við undirbúning blótsins eins og gengur og gerist. Covid setti óvænt strik í reikninginn þegar ég og nokkrir úr nefndinni veiktumst rétt fyrir blót. Það varð til þess að færa þurfti þorrablótíð og þar með afbókaði hljómsveitin sig og svo mætti telja áfram. En nefndin 2023 var samstíga, jákvæð og allir tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að skapa ógleymanlega kvöldstund fyrir samborgara sína. Það er ekki gefins að hrúga allskonar fólki úr mismunandi áttum í einn hóp sem þarf að vinna náði í 2-3 vikur við að setja saman 4 tíma kvöldskemmtun. Ef þið hugsið út í það, þá eru þetta eiginlega alveg ótrúlega mögnuð fyrirbæri, þessi þorrablót. Við reyndum að vera fyndin en á sama tíma vanda vel efnivið og orðalag því ef eitthvað hefur verið fjallað um undanfarnar ár þá er það að „það má bara ekkert lengur“ og virðing fyrir náunganum getur svo sannarlega þvælst fyrir þegar skipuleggja á svona skemmtun – ég tel mig tala fyrir hönd nefndarinnar að við séum sammála um að hafa tekist vel til – að minnsta kosti eigum við öll ennþá vini!

En svo kom að kvöldinu sjálfu og einhvernvegin hverfa bara allar áhyggjur og streita þegar þrúðbúnir bæjarbúar mæta á svæðið, fullir tilhlökkunar og gleði. Allir svo tilbúnir að eiga góða kvöldstund saman. Það sýndi sig svo sannarlega þegar kom að því að græja salinn undir ballið hversu frábærir Djúpvogsbúar eru. Allir tóku höndum saman, hjálpuðust að og allt var hreinsað til á met tíma. Nefndin var hreinlega klökk að fylgjast með allri aðstoðinni sem einfaldaði okkur svo sannarlega vinnuna. Það eru forréttindi að búa í svona dásamlegu samfélagi og samfélagslegur samhristingur eins og þorrablótíð sýnir einna helst að VIÐ, íbúar Djúpvogs, ERUM SAMFÉLAGIÐ og án okkar er ekkert!

Takk fyrir okkur, takk fyrir mig – og munið bara, ég ræð

Fyrir hönd þorrablótnefndar 2023

Jóhanna Reykjalín



PORTSOFMULATHING.IS

NÝR OG GLÆSILEGUR HAFNARVEFUR MÚLAPINGS

Á PORTSOFMULATHING.IS

MÁ FINNA ALLAR HELSTU UPPLÝSINGAR UM SKIPAKOMUR, GJALDSKRÁR OG AÐSTÆÐUR Á HAFNARSVÆÐUM ÁSAMT NÝJU SKIPADAGATALI SEM NÝTIST ÞEIM SEM HYGGJAST BJÓÐA UPP Á ÞJÓNUSTU VIÐ SKIPAFARPEGA



SEYÐISFJÖRÐUR



BORGARFJÖRÐUR



DJÚPIVOGUR



Skannið kóðann

GLEÐILEGT SUMAR & GLEÐILEGA HAMMOND HÁTÍÐ

OPNUNARTÍMI YFIR HAMMOND HÁTÍÐINA

Frá kl. 11:00 -20:00

Verðum svo með partý opnun eftir tónleikana 23-01
föstudags- & laugardagskvöld

Frá og með 15. maí förum við svo í hefðbundinn sumaropnunartíma

BJÓR & BURGER Á TILBOÐI ALLA DAGANA

LAUGARDAG & SUNNUDAG BJÓÐUM VIÐ UPP Á BRUNCH/DÖGURÐ MILLI KL. 11:00 - 14:00

FÖSTUDAGSSTEIKIN ÁSAMT GEGGJUÐUM EFTIRRÉTTI ER Í HÁDEGINU Á FÖSTUDAGINN

LAUGARDAGINN L. 16:00 ÆTLAR GUÐNÝ KLARA AÐ VERA MEÐ
BJÓR YOGA SEM ER EINFALDEGA NAUÐSYNLEG UPPHITUN
FYRIR TÓNLEIKA KVÖLDSINS



DÓMARI Í BASKALANDI

Elís Hlynur Grétarsson, eða kóngur Búlandstinds eins og við þekkjum hann á Djúpavogi, var á dögnum beðinn um að heiðra matgæðinga Norður-Spánar með nærveru sinni. Þar áskotnaðist honum sá heiður að dæma matreiðslukeppni þar sem keppt var í matreiðslu réttarins Bacalao Al Pil Pil (Pil Pil Cod), sem er þjóðarréttur Baskalands á Spáni.

Nú er stefnt að sambærilegri keppni í Búlandstindi í utandagskrá Hammondhátíðar. Þar verður keppt í að matreiða lax úr Berufirði. Bóndavarðan forvitnaðist um ferðalag Ella og hvernig honum gekk að dæma keppnina í Eibar á Norður-Spáni.

Alkorta aðalstyrktaraðilinn

Eibar er lítið þorp á Spáni, en þar búa um 27 þúsund manns. Þar er árlega haldin stórskemmtileg matreiðslukeppni til heiðurs þjóðarréttar Baskalands. Á hverju ári er sami rétturinn eldaður. Keppt er tvær helgar í röð, fyrst keppa grunnskólanemendur og seinni helgina fullorðnir. Þarna safnast saman matgæðingar, listakokkar, bókahöfundar og sérfræðingar sem fjalla um matarmenningu um heim allan. Öll koma til að berja réttinn augum og sjá hvernig þátttakendum tekst að matreiða hann.

Viðskiptavinur Búlandstinds, Alkorta, hefur verið aðal styrktaraðili keppinnar undanfarin ár og styrkir hana með saltfiski frá Búlandstindi. Það var grunnhvatinn og tengingin sem urðu til þess að Elli var beðinn um að dæma keppnina, enda þekja vafalaust fáir fiskinn betur.



Færri komust að en vildu

Bacalao al Pil Pil saltfiskrétturinn er ættaður frá Baskalandi. Hann er þó matreiðdur um allan Spán, ýmist sem pintxos (forréttur) eða sem aðalréttur. Hann má gjarnan finna í höfuðborg matgæðinganna (og Baskalands), San Sebastian. Líka í höfuðborg Spánar, Madrid, þar sem rétturinn er borinn fram á brauði.

Það besta við réttinn segir Elli vera einfaldleika hráefnanna sem notuð eru. Í réttinum eru einungis saltfiskur, ólífurólía, hvítlaukur og chili, ef fólk vill. Þrátt fyrir að sömu hráefni séu ávallt notuð í öllum réttunum sem kepptu, segir Elli ótrúlegt hve mikill munur hafi verið á hverjum og einum.

Réttirnir voru mjög mismunandi, sem er alveg ótrúlegt þegar um svona fá hráefni er að ræða. Allir þátttakendur voru vissulega að vinna með úrvalshráefni, sem skemmdi ekki fyrir.

Elli sagði þetta gríðarlega skemmtilega upplifun og gaman að sjá hversu mikil aðsókn er í keppnina. Alls tóku 34 lið þátt, en færri komust að en vildu. Keppendur sýndu mikinn metnað, en 3-4 lið sköruðu sérstaklega fram úr. Svo vildi svo skemmtilega til að systkini hreptu tvö efstu sætin.

Baskahattur

Elli fékk þann heiður að afhenda verðlaunin þegar úrslitin lágu fyrir og krýndi sigurvegarana með Txapela sem er týpískur baskahattur. Fyrir matarklúbba þykir mikill heiður að hafa unnið slíkan hatt. Einnig voru peningaverðlaun og gjafabréf frá styrktaraðilum, saltfiskur frá Alkorta, ólífurólía, miðar á lek Eibar og treyja liðsins.

Það verður gaman að sjá hvort laxakeppnin á utandagskrá Hammondhátíðar nái að festa sig í sessi líkt og þessi skemmtilega keppni hefur gert í Eibar. Og ekki við öðru að búast en að fjöldinn allur af ástríðukokkum skrái sig til leiks, enda ófáa slíka að finna hér á Djúpavogi.

UPPSKRIFTIN



Í síðasta tölublaði var skorað á Halldóru Dröfn að opinbera uppskriftina af skúffukökunni hennar góðu. Hún gerði það með glæsibrag og rukkaði þær mæðgur í Fossárdal, Guðnýju Grétu og Öldu, um uppskrift af heimagerðum bjúgunum. Þær mæðgur flæktu það nú ekki fyrir sér og deila með lesendum Bóndavörðunnar fjölskyldu uppskrift sem svíkur engan.

Axelsbjúgu

15 kg. feitt hakk
357gr. nítírt salt
1 ½ kg. kartöflumjöl
6 lítrar vatn

Öllum hráefnunum er blandað saman og geymd yfir nótt. Næst er allt sett í plast og hengt upp í reykofn. Reykt eftir smekk hvers og eins.

Uppskriftin kemur frá Axel bróður Öldu. Guðný Gréta er ekki viss hvaðan hún er upphaflega en Axel lét einnig búa til bjúgnapressu sem þau á Fossárdal gera bjúgun með. Flest nota

hakkavél til að setja deigið í plastið en græjan þeirra virkar ágætlega að þeirra mati. Svo vel að hún er fengin að láni hér í kring til bjúgnagerðar.

Nú á dögnum kom Áki bróðir Öldu austur og þau systkinin fóru að sjálfsögðu rakleiðis í bjúgnagerð. Næst skora þær mæðgur á Jónas Bjarka að koma með uppskrift af hreindýrasteik, með góðri sósu.

HRÓSIÐ



Auður Ágústsdóttir

Mig langar að hrósa þeim mæðgum Jónínu, Huguínu og Unni fyrir þeirra frábæra starf að halda utan um Notó.

Ég skora á Bigga bróður að hrósa næst.



Eiður Gísli Guðmundsson

Mig langar að hrósa fiskeldinu fyrir að hafa ekki sagt upp mannskap þegar illa bjátaði á og skora á Guðmund Traustason að gefa sitt hrós í næsta blaði.



Nökkvi Sigrúnarson

Hrósið mitt fær Hreinn Guðmundsson fyrir óeigingjarnt starf fyrir íbúa Djúpavogs bæði til sjávar og sveita. Skorað er á Baldur Sigurðsson Junior að koma með næsta hrós.



Sigurjón Stefánsson

Mitt hrós fær að sjálfsögðu Baldur Sigurðsson Junior, því hann er svo góður tengdasonur.

Ég skora næst á Ask Egilsson að gefa sitt hrós í blaðið.

ERU ÁLFAR KANNSKI MENN?



Það halda margir að Búlandstindur sé aðal aðdráttarafl Djúpavogs, og þó ég verði að viðurkenna að ég dáist að tignarlegum tindinum á hverjum sumar- eða vetrardegi sem sést í hann, þá er það nú ekki svo í mínu tilviki.

Ég kom til Djúpavogs 11. maí fyrir ári síðan, á afmælisdegi þeirra tveggja hressustu! Það sem ég tók kannski strax eftir var yndisleg náttúran, álfaklettarnir og fuglaveröldin. Skokkandi hreindýr í gördum sem mér fannst algjörlega dásamleg sýn og lífsglatt og einlægt fólkið sem var saman í að skapa samfélagið sem er á Djúpavogi, með virðingu og vinsemd, og það hitti strax í hjartastað.

Ég er hornfirsk að uppruna og hef auðvitað hitt fólk frá Djúpavogi í gegnum árin. Systir mín bjó um tíma á Hamri, sem ég kom oft á, og á þeim tíma kynntist ég skemmtilegu fólki. Síðustu tugi ára hef ég búið, lært og starfað í Reykjavík en landsbyggðin, náttúran og aukin ró voru farin að kalla og ég var búin að hugsa til þess í nokkur ár að flytja út á landsbyggðina. Ég sá svo sjónvarpsþátt um Djúpavog og Cittaslow, og eins og margir varð ég heilluð af því sem ég sá og heyrði. Þegar ég kom svo fyrir ári til Djúpavogs var ég

spennt að læra meira um stefnuna og samfélagið og datt strax inn í verkefni og vangaveltur varðandi hæglætisstefnuna Cittaslow og „frugal abundance“ sem við leituðumst við að þýða sem „hamingjuríka nægjusemi“. Í rauninni má segja að með Cittaslow vísi í svona „back to basics“ sem á svo sterka rót í okkur Íslendingum. hvað voru lifnaðarhættir afa og ömmu, langaafa og langömmu annað en Cittaslow, og það er í rauninni svo stutt síðan að fólk lifði þannig og lærði. Sem áhugamanneskja um lífið, menntun og listir, menningu og menningararf finnst mér þetta heillandi. Mér finnst fólkið á Djúpavogi hafa sýnt mikla framsýni og frumkvæði með að leita í kjarnann sinn, innleiða Cittaslow. Ég tel að Djúpavogur sé þarna til fyrirmyndar fyrir mörg önnur samfélög.

Það má segja að ég hafi verið náttúruunnandi og skólamálamanneskja frá barnæsku þar sem ég er dóttir fyrrum skólalæra, kennara og bónda og ólst frá unga aldri upp við að þekkja vel og virða náttúruna. Menntamál og menning voru rædd, spáð í og spekúleruð. Ég hóf sjálf störf sem kennari árið 2002 og hef allar götur síðan starfað í ýmsum skólamálum, kennslu, skólastjórnun, verkefnastjórn, skólanefndum, trúnaðarmennsku, þróunarverkefnum, útgáfu námsefnis, nýsköpun og frumkvöðlafræði, listum og menningarverkefnum.

Ég var ung svo ljónheppin að Sigjón Bjarnason kíkti í heimsókn þegar ég var að leika mér að spila á píanóið og vildi endilega fá mig til sín í píanónám. Ég byrjaði því snemma að læra á píanóið hjá Nonna á Brekkubæ sem varð einn af mínum uppáhaldskennurum. Á unglingsaldri lagði ég svo einnig sönginn fyrir mig og hef haft sönginn að leik og starfi síðan. Að mínu mati er menningarleg þátttaka í hverju nærsamfélagi fjársjóður fyrir alla, konur og kalla, bæði yngri og eldri kynslóðir, og það er einmitt eitt af því sem Djúpavogur á svo ríkulega til í mannauð, sögu, listum og menningu. Um loftin blá kemur fljótlega út í hljóðbók og nemendur tónlistarskólans hafa nú samið lag við Skólasöng Jóns í Rjóðri.

Það er fallett að upplifa stemmninguna á Djúpavogi og ég er þakklát að vera þátttakandi í henni. Ég vil nota tækifærið og þakka sérstaklega fyrir einstaklega yndislegar móttökur og að vera boðin velkomin allsstaðar. Fólk nýtur hér náttúrunnar og fuglalífsins daglega sem frískar og nærir. Fólk hittist í hádeginu til að njóta samveru, ræða og stundum gantast með lífið og tilveruna sem er svo skemmtilegt. Um jólin þegar fjölskyldan kíkti í heimsókn og við horfðum á hreindýrin skokka framhjá stofuglugganum í snjókomunni bjuggumst við öll við að jólasveinninn fylgdi í humátt á eftir. Sandarnir eru orðnir uppáhalds, ein af perlum Djúpavogs og bjóða líka upp á ævintýrlega upplifun þar sem Völustígur varð til eins og fyrir ævintýr og býður öllum í kyrrðargöngu á komandi Hammondhátíð.

Á Djúpavogi tekur fólk höndum saman til að láta hugmyndir blómstra, hlutina gerast og lífið leika. Kærar kveðjur til ykkar allra og heiður og ánægja að vera með ykkur.

Þórdís

CONTEMPORARY
ART MUSEUM

ARS LONGA
ALPJÓÐLEGT
SAMTÍMALISTASAFN

SUMARSÝNING ARS LONGA OPNAR 8. JÚLÍ

FRÁ MENNTASKÓLANEMA



Sælt veri fólkið.

Ég heiti Hekla Pálmadóttir og ætla aðeins að segja ykkur frá því hvað ég er að gera í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Síðasta haust hóf ég mitt annað ár hér í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Ég bý á heimavistinni með öllum mínum bestu vinum og kunningjum sem er mjög mikið fjör og góð leið til að henda sér út í lífið að mínu mati. Hér á vistinni fáum við heitan heimilismat tvisvar á dag auk þess að það er ávallt morgunmatur í boði alla morgna, en fólk en nú mis duglegt að láta sjá sig þar. Í þessum skóla er ekki þetta týpíska annakerfi heldur spanna kerfi. Þetta virkar þannig að í stað þess að vera í sex áföngum á önn, þá skiptist hún í raun í tvær spannar (stytttri annir) og nemendur taka því þrjá áfanga á fyrri spönn og svo aftur þrjá á seinni spönn með pásu á milli. Þetta kerfi hefur hentað mér frá upphafi og mér gengur mjög vel að halda utan um námið. Hér á Egilsstöðum er einstaklega vel stutt við mann varðandi námið og andlega heilsu sem gefur flestum þessa öryggisfinningu sem er svo góð.

Á mínu fyrsta ári ákvað ég að henda mér út í djúpu laugina og taka þátt í Barkanum. Barkinn er undankeppni skólans fyrir söngvakeppni framhaldsskólanna. Ég hef aldrei lært neitt í söng en hef bara svo ótrúlega gaman af því að syngja svo ég tók mig til og tók þátt. Mér leið svo vel á sviðinu að það var ekki aftur snúið. Er ég hóf annað árið mitt í skólanum var mér boðið að sitja í stjórn Tónlistarfélags Menntaskólans á Egilsstöðum eða TME. Því svaraði ég að sjálfsögðu játandi og var þar með komin í stjórn ásamt fimm öðrum krökkum. Við hófumst handa við að halda íslenska tónleika. Allir sem vildu syngja eða gátu spilað á hljóðfæri máttu vera með. Við fengum að halda tónleikana í gamla sláturhúsinu hér á Egilsstöðum og tónleikarnir gengu eins og í sögu. Flestir söngvarar sungu tvö lög, eitt lag einir og einn dúett. Þar var ég ekki eini kóngóbúinn sem steig á svið heldur voru Sigurásta Guðbjörg, Anna Jóna og Ríkey einnig með í för.

Eftir jólafríið á þessu ári var komið að því sem að ég hafði beðið eftir síðan ég útskrifaðist úr grunnskólanum heima. Leikfélag Menntaskólans ætlaði loksins að setja á svið sýningu eftir góða covid pásu. Á fundinum sem haldinn var í byrjun skólaársins var fólk hvatt til þess að bjóða sig fram í stjórn. Ég gerði það og viti menn, ég var kosin. Þar með fékk ég að vera meira með í að skipuleggja og setja upp leikritið. Við sýndum Mamma Mia Here We Go Again í ár og það gekk mjög vel. Við fengum til okkar geggjadan leikstjóra sem stýrði verkinu með glæsibrag. Ég lék einn af þremur feðrum í leikritinu og hét hann Harry. Harry var virðulegur maður sem vann í banka en var alltaf hálf óöruggur og vandræðalegur. Mér þótti afskaplega gaman að taka þátt í leikfélaginu. Svo gaman að nú hef ég boðið mig fram til að verða formaður leikfélagsins á næsta ári. Ég er sú eina sem er að bjóða mig fram í þá stöðu svo allir vegir liggja til lukku. Í ár tók ég aftur þátt í Barkanum og þótti það mun skemmtilegra en í fyrra, þar sem ég er búin að öðlast miklu meiri reynslu en síðast.

Eins og er þá erum við í Tónlistarfélaginu að setja upp rokktonleika sem verða sýndir nú í maí fyrir áhugasama. Nú erum við bara að æfa reglulega og allt gengur mjög vel. Það getur verið erfitt að sinna náminu þegar maður er í svona félögum og þá kannski sérstaklega leikfélaginu. Það er bara vegna þess að æfingarnar eru vanalega frá fimm til tíu á kvöldin. En með góðum vilja, dass af jákvæðni og skipulagi getur þetta allt saman verið hægt. Það eru aðeins fjórar vikur í sumarfrí hjá okkur í ME og margt skemmtilegt fram undan. En ég hef ekki meira að segja í þetta sinn.

Takk fyrir mig og góðar stundir.

Hekla Pálmadóttir

Á HVAD ERTU AÐ HLUSTA, HORFA, LESA



Guðrún Aradóttir

Þegar Bóndavarðan hafði samband var ég komin upp í rúm og farin að hlusta á sögu hjá Storytel. Sagan var um Önnu frá Stóruborg eftir Jón Trausta, sem ég var að klára. Það er rúmt ár síðan ég fékk mér áskrift á Storytel og hef ég síðan hlustað á margar skemmtilegar sögur. Þar má helst nefna söguna um Fjallalíf eftir Laila Brendan. Eldgömul saga sem gerist í fjöllum í Noregi árið 1860. Ég mæli með þeim en komnar eru út 4 bækur. Svo stenst ég ekki matreiðslubækurnar. Sit oft og fletti þeim þegar ég veit ekki hvað ég á að gera. Ég á stóran skáp með einungis svoleiðis áhugaefni.

Hvað sjónvarpsgláp varðar þá verð ég að segja að mér finnst sjónvarpið mjög lélegt. Óþolandi auglýsingar á Sjónvarpi Símans. Svo ég horfi mest á utandagskrárefni. Ég var til dæmis að horfa á Verbúðina aftur og Fanga.

STEFÁN JÓNSSON 100 ÁRA

Tilvitnanir

Þann 9. maí nk. verða 100 ár liðin frá fæðingu Stefáns Jónssonar rithöfundar, fréttamanns og alþingismanns frá Rjóðri á Djúpavogi. Af því tilefni verða ljósastaurar á Djúpavogi skreyttir með tilvitnunum úr bókum Stefáns, gangandi vegfarendum til gagns og gamans. Búið er að framleiða 50 álskilti með tilvitnunum. Verkefnið er styrkt af Múlaþingi og fellur vel að Cittaslow markmiðum Djúpavogs með því að hampa sögu og einkennum staðarins og auka lífsgæði.

Stefán Jónsson, útvarpsmaður og rithöfundur, fæddist á Hálsi í Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu 9. maí 1923. Foreldrar hans voru Jón Stefánsson, skólastjóri á Djúpavogi og Marsilína Pálsdóttir kennari. Stefán bjó hjá foreldrum sínum í Rjóðri á Djúpavogi fram á unglingsár.

Fyrri kona Stefáns var Sólveig Halldórsdóttir en hún lést árið 1982. Þau eignuðust saman fimm börn. Meðal þeirra eru Hjörleifur arkitekt og Kári, forstjóri íslenskrar erfðagreiningar. Seinni kona Stefáns var Kristjana Sigurðardóttir.

Stefán var fréttamaður við Ríkisútvarpið 1946 - 1965 og dagskrárfulltrúi þar 1965 - 1973, harður hernámsandstæðingur og vinstrisinnmaður eins og flestir þar á bæ. Hann kemur oft við sögu þegar rifjaðar eru upp smellnar vísur eða skemmtileg tilsvör frá gömlu útvarpsárunum.

Stefán var varaþingmaður fyrir Alþýðubandalagið 1971 - 1974 og alþingismaður Norðurlandskjördæmis eystra 1974 - 1983. Hann var með skemmtilegri mönnum, mælskur, glettinn og mikill sögumaður. Stefán hafði mjög djúpan en þýðan málróf sem naut sín vel í útvarpi, var þryðilegur rithöfundur og afburða hagræðingur. Eftir hann liggur ævisögulegt efni, rit um þjóðleg efni, alþýðusagnir og efni um sportveiðar. Bók hans, Að breyta fjalli, fjallar að mestu leyti um uppvaxtarár Stefáns á Djúpavogi.

Stefán lést 17. september 1990.

Dæmi um tilvitnanir sem ljósastaurarnir á Djúpavogi munu fá:


„Einhverntímann heyrði ég föður minn komast svo að orði að fáa menn þekkti hann jafnskilda sjálfum sér og hann.“ (Að breyta fjalli)
 „Stundum flýjum við frá leiðinlegum vandamálum forskrúfaðrar tilveru á vit stangarveiðinnar. En það er ekki flótti frá lífinu, heldur flótti til lífsins.“ (Roðskinna)

Bækur eftir Stefán:

Krossfiskar og hrúðurkarlar (1961)
 Mínir menn (1962)
 Þér að segja (1963)
 Jóhannes á Borg (1964)
 Gaddaskata (1966)
 Líklega verður róði í dag (1967)

Ljós í róunni (1968)
 Roðskinna (1969)
 Nú, Nú, - bókin sem aldrei var skrifuð (1970)
 Með flugu í höfðinu (1971)
 Að breyta fjalli (1987)
 Lífsgleði á tréfæti (1989)

Kristján Ingimarsson tók saman



SAMRÁÐSHÓPUR UM CITTASLOW

Á fundi heimastjórnar í byrjun nóvember á síðasta ári kom fram ríkur vilji til að efla starf í tengslum við Cittaslow, auka samstarf við íbúa og að sérstökum Cittaslow hópi yrði komið á fót. Starfsmanni heimastjórnar var falið að fylgja málinu eftir með það fyrir augum að skipan hópsins lægi fyrir á fundi heimastjórnar í desember. Í kjölfarið var auglýst eftir áhugasömum einstaklingum til að taka þátt í verkefninu. Alls voru sex vaskar konur tilbúnar til að leggja sitt af mörkum og á fundi heimastjórnar 8. desember var skipan hópsins staðfest. Í honum sitja: Greta Mjöll Samúelsdóttir, Hugrún Malmquist, Íris Birgisdóttir, Jóhanna Reykjalín, Þorbjörg Sandholt og Þórdís Sigurðardóttir. Fyrsti fundur hópsins fór fram 15. desember. Þar var farið yfir skipunarbréf, starfsáætlun og ýmislegt fleira. Hópurinn hefur fundað þrisvar síðan þá. Á fundi heimastjórnar 9. mars var Cittaslow hópnum falið að ákveða með hvaða hætti menningarstyrk SSA til jaðarsvæða yrði varið þetta árið. Þar er um að ræða sérstaka fjárveitingu sem er ætluð í menningarstarf jaðarsvæða, á Djúpavogi og Vopnafirði í gegnum Sóknaaráætlun Austurlands. Á hvoru svæði fyrir sig er áætlaður styrkur kr. 1.000.000 -. SSA leggur til kr. 500.000 - en mótframlagið kemur frá viðkomandi sveitarfélagi.



Á fundi Cittaslowhópsins var ákveðið að nýta styrkinn til að skrá og varðveita samtímaheimildir s.s. úrklippur, myndbönd, ljósmyndir og útgefið efni sem tengist gamla Djúpavogshreppi. Hópurinn leggur áherslu á að gera efnið aðgengilegt og að íbúar komi saman til að njóta þess s.s. á myndakvöldum og við sérstök tilefni. Eftir er að útfæra hugmyndina nákvæmlega en fyrsta verkefnið verður að safna saman myndbrotum af tónlistarviðburðum á Djúpavogi í gegnum árin með það að markmiði að til verði 30-45 mínútna myndband sem gert er ráð fyrir að verði hluti af utandagskrárvíðburðum í tengslum við Hammondhátíðina í ár. Óskar Ragnarsson hefur tekið verkið að sér og þau sem eiga myndefni sem þau vilja koma á framfæri er bent á að hafa samband við hann. Fleiri góðar hugmyndir eru í farvatninu og spennandi að sjá hvað verður næst.

Gauti Jóhannesson



Sumardagurinn fyrsti
Kl. 14-16 Bráðskemmtilegt
quiz / spurningakeppni
fyrir hressa krakka
á grunnskólaaldri.



Listilegt smörrebröd í Löngubúð á Hammond

Gestakokkar í Löngubúð föstudag og laugardag.
Guðmundur og Jakob frá Matkránni í Hveragerði galdra
fram sitt einstaka og landsfræga smurbrauð.

Á boðstólum: Roastbeef með remólaði, steiktum lauk og sýrri gúrku - Svinasteik með rauðkáli, stökkri puru og sósu - Grísakæfa með steiktum sveppum, sultu, beikoni og sósu - Síld með eggji, lauk og kryddmæjö - Rauðspretta með remólaði, rækjum og dillkvist - Egg og handpillaðar rækjur með sítrónumæjö - Heimareyktur lax með kornhænu eggji og piparrótarmæjö - Bufftartar original með hrárrí eggjarauðu - Silungahrogn með sýrðum rjóma, hráum lauk, eggjarauðu og dillákavíti.

Verð kr. 1900 st. Mælum með 2 sneiðum á mann og 3 fyrir svanga.

Misstu ekki af þessu!
Hlökkum til að sjá ykkur.

Opið:
Föstudag 21. apríl 17-20
og laugardag 22. apríl 14-20.
Pantið gjarnan fyrir 20. apríl!

Nánari upplýsingar: sími 849-3439; tölvupóstfang: langabud@mulathing.is

ALEXANDRA HÁRGREIÐSLUKONA



Alexandra Karlsdóttir hefur unnið hjörtu margra Djúpavogsbúa, bæði með lagni sinni í garð barna leikskólans og einnig með töktum skæranna.

Bóndavarðan vildi vita hvernig henni líkar sveitalífið og hvað varð til þess að þessi þúsundþjalasmiður flutti á Djúpavog.

Alexandra segist fátt hafa vitað um Djúpavog áður en hún flutti á staðinn. Hún kynntist Birki Fannari Smárasyni á kóvídtímanum og starfaði þá sem hárgreiðslukona á stofu í Reykjavík. Stofan hafði þá þegar lokað einu sinni vegna faraldursins og því fátt sem stoppaði hana í að láta vaða. Plan þeirra var að flytja saman á Selfoss. En hún var viss um að það væri tilvalið að koma á Djúpavog fyrst, vera eitt sumar og kynna fólkinu hans betur. Nú eru árin að verða þrjú og eiga þau von á sínu fyrsta barni í október. Alexandra er lærð hárgreiðslukona og naglafræðingur og er einnig í 75% starfi í leikskólanum Bjarkatúni. Hún er með aðstöðu heima eins og er og býður upp á klippingu, litun og naglasnyrtingu við afar góðan orðstír. Hægt er að bóka hjá henni í gegnum síma, númerið er 691-9943. Einnig er gott að nota messenger, þar sem vinnan leyfir ekki alltaf að svara í símann.

Hún segir að fólkið og náttúran heilli mest á Djúpavogi. Útsýnið sé sannarlega allt um kring. Draumurinn sé að eignast hús með bílskúr, til að opna stofu á staðnum. Nú þurfi bara að bíða, vona og hlakka til að draumurinn rætist.

KYNNING Á KIWANIS

Nú er vorið að ganga í garð og er annamesta tímanum í starfinu hjá Kiwanisklúbbnum Ós að ljúka. Margar og mismunandi fjáraflanir eru í gangi hjá Ós yfir veturinn og yfirleitt endum við á páskaþingó. Söfnunarfé er notað til að bæta samfélagið og gera það betra fyrir börnin okkar en Kiwanishreyfingin hefur það að markmiði sínu að hjálpa börnum í heimabyggð og reyndar í heiminum öllum.

Fjáraflanir eru ætíð í samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga og margir aðilar hafa styrkt Kiwanis í mörg ár. Ágóðinn er notaður til að styrkja bæði þá sem minna mega sín í samfélaginu og eins sérstök verkefni í samráði við skóla á svæðinu. Styrktaraðilar fá okkar bestu þakkir fyrir veittan stuðning.

Kiwanis er alþjóðleg hreyfing sem starfar í þágu barna. Kiwanis Children Fund sjóður Kiwanis International er fljótur að bregðast við þar sem er þörf t.d. vegna stríðshörmunga og annarra verkefna. Til dæmis gaf Ós á síðasta ári veglega í sérstaka söfnun sem gerð var hjá öllum Kiwanisklúbbum í Evrópu vegna átakanna í Úkraínu. Stór verkefni hjá Kiwanisumdæminu hefur verið barátta vegna joðskorts og stífkrampa í samstarfi með UNICEF. Árleg verkefni er t.d. hjálma-verkefnið sem nær til allra sex ára barna á Íslandi.



Kiwanishreyfingin hefur starfað á Íslandi síðan 1962 og fer starfsemin vaxandi. Það er þó alltaf hægt að taka á móti nýju og áhugasömu fólki en Kiwanis er með fjölbreytt klúbbstarf meðal bæði karla og kvenna. Hér á Hornafirði er það karlklúbbur sem er starfandi en við höfum mikinn áhuga á því að stofna kvennaklúbb á svæðinu og efla þar með starfið enn frekar. Það hafa einnig komið fram hugmyndir um stofnun klúbba austan við Höfn. Við vitum að Djúpavogur er vaxandi bær og mikið væri gaman að sjá klúbb þar, jafnvel sameiginlegur karla og kvenna klúbbur. Það er mjög gefandi að geta aðstoðað þá sem eru hjálpar þurfi og sannarlega væri gaman að efla Kiwanis enn frekar með nýjum klúbbi. Það er alltaf hægt að biðja um kynningarfund fyrir áhugasama. Hægt er að senda póst á seinars@kiwanis.is og fá meiri upplýsingar.

Sigurður Einar Sigurðsson,

fréttatengill Kiwanisklúbbsins Óss

Hammond

Hátíðarmatseðill

20.-23. apríl

Hótel
Framtíð

Opið: kl. 12-15 / 18-21

FORBÉTTIR

Íslensk bláskel í cider marinière stíl

Linsubaunir, kókos og sitrónugrassúpa (vegan)

Ferskt salat hússins: salat, súrsað blómkál, fetaostur, kirsuberjatómatar og rauðlaukur

Humarsúpa, borin fram með súrdeigsbrauði og smjöri

AÐALRÉTTIR

Íslenskt ramen með þara borið fram með marineruðum eggjum, bókhveiti núðlum, hægsoðnu svínakjöti og tókasveppum

Ofnristað grasker fyllt með reyktu eggaldin hummus, duqqa, döðlum og sætsöltum mündlu mulningi (vegan)

Hefðbundnar fiskibollur, bornar fram með Hótel Framtíð hunangssósu

Ofnbakaður þorskur með rauðrófu alioli, borinn fram með sætu bygg-kartöflusalati

Lambafillet (230gr.), borið fram með skalottlaukssmjöri, gulrótum, sellerirótarmauki og íslenskri stout bjórsósu

Humarhalar, bornir fram með hvítlauks-chili smjöri, heimabökuðu súrdeigsbrauði og salati

EFTIRÉTTIR

Heimagerð Hondúras tres leches kaka

Heimagerð eldfjalla kaka með mascarpone arctic timian kremi

Ís eða sorbet að eigin vali - vanillu, súkkulaði, jarðarber, epli, bláber (vegan)

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA HJÁ FYRIRTÆKINU?

Hótel Framtíð

Nú er allt á fullu skriði fyrir undirbúning komandi vertíðar. En það er sumarvertíðin sem tekur við af vetrarvertíðinni og að mörgu að huga fyrir sumartímann líkt og margir finna fyrir. Farfuglarnir koma yfir með öllum sínum litskrúða og setja mark sitt á bæinn, sem fer í mikinn blóma nú þegar sólin fær að skína á okkur.

Bærinn líkt og ferðamannaiðnaðurinn hefur seinustu árin séð mikinn vöxt og miklar breytingar. Við hér höfum ekki síst tekið þátt í því með því að stuðla að og móta nýja möguleika í að taka á móti fólki á sem bestan máta. Gistiplássur hér hefur fjölgað í takt við allt og það sem voru áður bara nokkur herbergi í gamla húsinu er nú orðið að fjölda gistirýma af ólíkum gerðum, á víð og dreif um bæinn ásamt veitingastaðnum okkar og upplýsingamiðstöð á tjaldsvæðinu.

Tjaldsvæðið, sem hefur gengið í gegnum miklar endurbætur, er einnig alltaf að þróast og breytast með tímunum. Nú bjóðum við þar upp á létta rétti úr veitingavagni til þess að þjónusta þá gesti sem vilja eitthvað einfalt og gott.

Það er gaman að finna hvað allt er að opnast aftur og þrátt fyrir að við höfum lært margt af því að draga seglin niður og skoða hvað skiptir máli í lífinu, þegar við mörg í þessum bransa þurfum þess, þá er einnig gott að vita að þrátt fyrir að allt geti breyst á skömmum tíma þá er ánægja þeirra sem hingað koma. Gleðin og manngæskan er alltaf í fyrirrúmi sama hver fjöldinn er.

Það þurfti margt að sitja á hakanum síðustu ár en nú búum að því að eiga fullan hugmyndabanka að vinna úr og varla að við komumst í gegnum helminginn af því sem okkur langar að gera hérna á næstu misserum. Það eru aðeins svo margir klukkutímar í sólarhringnum og þetta margir iðnaðarmenn í plássinu.

En við erum tilbúin fyrir þetta sumar og starfsmenn komnir í startholurnar að taka á móti þeim fjölda sem mun eiga leið til okkar í sumar. Við horfum því björtum augum til framtíðarinnar enda þurfum við ekki að líta langt yfir skammt í þessu fornfræga húsi sem hefur heitið Framtíðin í tæplega 120 ár.

Kær kveðja,

Við öll hér á Hótel Framtíð Djúpavogi



STÓRI PLOKKDAGURINN

Sunnudaginn 30. apríl eru landsmenn hvattir til þess að taka til og tína rusl í nærumhverfi sínu.

Nánar auglýst síðar

Íbúasamtök Djúpavogs og nærsveita ætla að halda daginn hátíðlegan.

Kl. 13 verða sérstakar pokastöðvar settar upp þar sem hægt verður að nálgast poka til að tína í.

Stefnt er að því að öll tíni í sínum hverfum en komi svo saman á Neistasvæðinu kl. 15 þar sem boðið verður upp á veitingar.

Takið daginn frá!

Viðburðurinn er styrktur af Múlaþingi



ÍBÚASAMTÖK
DJÚPAVOGS
& NÆRSVEITA

HAMMONDHÁTÍÐ DJÚPAVOGS

Í tilefni 15. Hammondhátíðar Djúpavogs ætlar Bóndavarðan að birta samantekt frá hátíðum 2006, 2007, 2008 og 2009 í þessu tölublaði. Samantektin var unnin af meisturunum Birni Hafþóri Guðmundssyni og Ólafi Björnssyni. Stefnt er að því að halda samantektum áfram í næsta Hammondblaði.

Hammondhátíð Djúpavogs 2006

Í litlu þorpi á Austurlandi var mikið um dýrðir á Hammondhátíð sem var haldinn á Djúpavogi þann 20.-23. apríl 2006.



Hátíðin var haldin til að heiðra og kynna fyrir tónlistaraðdáendum Hammondorgelið sem úrsmiðurinn Hammond töfraði úr huga sínum til að geta gert fátækum söfnuðum kleift að syngja við orgelundirleik.

Hver heimsviðburðurinn af fætur öðrum leit dagsins ljós á hátíðinni og geta aðstandendur hennar, Tónlistarfélag Djúpavogs og heimamenn allir verið stoltir af að hafa hrint af stað þessari framkvæmd, en hugmyndina að henni og langstærstan heiður af framkvæmd hátíðarinnar á Svavar Sigurðsson.

Fyrsta kvöldið sáu heimamenn á Djúpavogi um að bjóða gestum upp á afar fjölbreytta dagskrá sem samanstóð af djass, blús, klassík, rokki og frumsömdu efni, þar sem síðast en ekki síst voru flutt nokkur lög eftir "BB Prince" sem er listamannsnafn sveitarstjórans á Djúpavogi, Björns Hafþórs Guðmundssonar.

Fram komu fyrir utan aldursforsetann; Bj. Hafþór á gítar, Vordís á þverflautu, Silvia söngur, Helga söngur, Helgi gítar, Jón Einar gítar, Þorleifur bassi, Arnar Jón trommur, Kjartan bassi, Bjartur trommur, Ægir gítar, Guðmundur bassi, Andre gítar, Aron saxófón og svo Svavar og Jóhann Atli, sem léku listir sínar á orgelið. Þarna vantaði ekki spilagleðina en hún var að öðrum ólöstuðum, líklega mest hjá Andre Sandö, 10 ára gömlum gítarleikara sem tók blús af bestu gerð við mikinn fögnuð tónleikagesta.

Á föstudagskvöldinu lék orgeltríóið B-3 listir sínar á Hótel Framtíð við frábærar undirtektir gesta. Agnar Már Magnússon töfraði fram jass af bestu gerð á orgelið og naut stuðnings félaga sinn Eric Qvick á trommur og Ásgeirs Ásgeirssonar á gítar. Mjög góð stemming var í salnum og sást glögg, hve góð áhrif lifandi tónlist getur haft á viðstadda, þar sem allir viðstaddir voru e.t.v. ekki einlægir jass-geggjarar við komuna, en kunnu svo sannarlega að meta framlag þeirra félaga.



Laugardagurinn byrjaði á tónleikum í Djúpavogskirkju með tenórnum Bergþóri Pálssyni og Hammondspilarans Davíð Þórs Jónssonar, sem lét sér ekki nægja að leika einungis á Hammondinn, heldur tók öll hljóðfærin í kirkjunni til kostanna. Þeir fengu svo til liðs við sig Kvennakór Hornafjarðar í lokanúmerið eftir að hafa fengið salinn til að syngja af hjartans lyst í nokkrum lögum á undan. Þvílíkir listamenn !!!

Davíð Þór Jónsson fór svo hamförum á Hammondinn um kvöldið á Hótel Framtíð ásamt "Landsliðinu" en í hópinn komust í þetta sinn engir aðrir en Birgir Baldursson á trommur, Þorleifur Guðjónsson á bassa, Sigurður "centár" Sigurðsson á munnhörpu og raddbönd, Björgvin Gíslason á gítar og síðast en ekki síst Halldór "mr. Blues" Bragason á gítar en hann studdi hátíðina með ráðum og dáð allt frá því að upphafsmaðurinn Svavar Sigurðsson víðraði hugmyndina að hátíðinni fyrir rúmu ári. Salurinn var svo sannarlega með á nótunum og fagnaði þeim félögum gífurlega og mátti glögg sjá, hve vel tónlistarmennirnir sjálfir nutu stundarinnar. Glæsilegir tónleikar !!!!

Lokaviðburður hátíðarinnar sem fram fór í Djúpavogskirkju, hófst á því að Davíð Þór lék nokkur af Goldberg tilbrigðum Bachs og bætti svo einu tilbrigði við eftir sjálfan sig en þar dugðu engir tíu fingur til og bættist því við tunga og nef. Í kirkjunni voru tvö Hammond, annað þeirra frá 1948 í eigu Davíðs og svo orgelið sem var í eigu Karls heitins Sighvatssonar. Davíð kallaði því upp Svavar Sigurðsson og eftir nokkrar klassískar hugleiðingar brugðu þeir sér til Afríku og enduðu svo á syrpu af íslenskum slögurum.

Tónlistarfélag Djúpavogs vill þakka eftirtöldum aðilum ómetanlegan stuðning:

Menningarráði Austurlands, Salar Islandica, Hótel Framtíð, Djúpavogskirkju, Djúpavogshreppi, Aðalflutningum, Sparisjóði Hornafjarðar og nágrennis, Vísi hf. og Flugfélagi Íslands.

Einnig er öllum þeim, sem sóttu hátíðina þakkað framlag þeirra og einstaklega góð viðbrögð við öllum atburðum, sem boðið var upp á þessa menningardaga á Djúpavogi.

Á þessari stundu er engu lofað með framhaldið, en forsvarsmenn hátíðarinnar eru sannfærðir um að orðspor hennar hefur spurst út og telja næsta víst að yrði sambærileg hátíð haldin að ári, myndu enn fleiri nýta sér þau tækifæri, sem í boði yrðu.

Djúpavogi 25. apríl 2006;

Stjórn Tónlistarfélags Djúpavogs

Hammondhátíð Djúpavogs 2007

Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri, var sérlegur rýnir Hammondhátíðar 2007. Hér fyrir neðan má sjá umfjallanir eftir hann fyrir alla fjóra daga hátíðarinnar.

Fimmtudagurinn

- Góð byrjun -

Ekki er hægt að segja annað en að Hammond hátíðin á Djúpavogi hafi farið vel af stað fimmtudagskvöldið 31. maí.

Hr. Hammond sjálfur, Svavar Sigurðsson, kallar þessa samkomu “Djúpavogskvöldið”. Í gærkveldi, eins og á síðasta ári, fékk hann heimamenn til að ríða á vaðið og skemmta fjölmörgum gestum, sem reyndar fylltu hundraðið.

Hljómsveitir kvöldsins voru tvær;

Fyrst steig á svið unglíngahljómsveitin Arachnophobia. Hún naut aðstoðar Svavars, er sat við “Hammond Drottninguna” sem Karl heitinn Sighvatsson átti á sínum tíma. Ekki var þó áberandi unglíngabragur í framkomu og hljóðfæraleik þeirra Arnars Jóns, Kjartans, Helga Týs og Arons Daða, sem voru “pottþéttir” og gerðu efni sínu góð skil. Þegar leið á prógrammið bættust í hópinn slagverksleikararnir Otto Maier og Silvia Hromadko og ferðaðist hópurinn þá m.a. um suðrænar slóðir. Vel að verki staðið.

Eftir hlé “þandi lúðra sína” öldungadeild rokkara á staðnum, hljómsveitin sallaD, styrkt með tveim liðsmönnum, Svavari, sem var farinn að “fíla Hammondið í botn” og Írisi Birgisdóttur, sem söng “raddir á bak við Kristján Ingimarsson”. Við hljóðfærin voru Ýmir Már, Jón Ægir, Óli Björns, og Gummi. Prógrammið var sótt á klassískar slóðir rokksins og keyrt fram af krafti, en jafnframt kunnáttu og leikni.

Ef eitthvað mætti finna að voru “desibilin” e.t.v. óþarflega mörg, en þetta var nú einu sinni rokk af beztu gerð og þá verður mönnum að leyfast að ýta aðeins við tökkunum. Kynningar Svavars allt kvöldið voru óborganlegar og allir flytjendur virkuðu sviðsvanir og var ekki að sjá að neinn beygur væri í þeim, enda vanir og góðir menn á ferð, hvort sem litið var til hinna eldri eða yngri. Á Svavar sérstakan heiður skilinn fyrir það, hve duglegur hann hefur verið sem skólastjóri Tónlistarskóla Djúpavogs að virkja efnilega nemendur og fela þeim ögrandi verkefni.

Föstudagurinn

- Ekki versnar það -

Jæja, þá hélt Hammond hátíðin á Djúpavogi áfram föstudagskvöldið 1. júní.

Nú heimsóttu okkur Austfirðingar, annars vegar úr suðri og hins vegar austan að.

Fyrstir stigu á svið Hornfirðingarnir, sem hr. Hammond, Svavar Sigurðsson, kallaði Mæðusveit Sigurbjarnar, en það var snarlega leiðrétt af talsmanni hljómsveitarinnar, Bjössa söngvara. Þrír meðlimir heita Sigurður (Guðnason á gítar - Hannesson á bassa - Kr. Sigurðsson á trommur) og einn heitir Björn (Sigfinnsson, söngvari), þannig að þetta er Mæðusveitin Sigurbjörn (ekki rugla saman við SigurRós).

Þeir voru með 2 gestaspilara; hljómborðsleikarann, Heiðar, son Sigurðar bassaleikara, en hann var þrælfinn og Önnu Lilju Karlsdóttur, sem bæði er góður trompetleikari og “töff” söngvari. Auk þess tók Hulda Rós, dóttir Sigurðar gítarleikara 2 lög, sem hefðu mátt vera fleiri, því þar er efnileg stúlka á ferð með afburða góða rödd.

Mæðusveitin gerði góða hluti og ljóst að þeim er margt til lista lagt. Lagavalið í heildina var gott og fögnuðu áheyrendur þeim vel, en þeir voru því miður helmingi færri en fyrsta kvöldið. Meðlimir Mæðusveitarinnar þekkja sín takmörk og ljóst að þeir eiga eftir að vaxa á komandi blúshátíðum á Hornafirði og koma vonandi aftur hingað á Djúpavog.

Garðar Harðar var mættur á svæðið með Blúsbrot sitt, skipað hljóðfæraleikurum úr Fjarðabyggð. Slagverksleikarinn Otto Meier, sem segir frá í umfjöllun um 1. kvöldið borðaði ekkert fyrir tónleikana, þar sem hann skildi málið þannig að Garðar ætlaði að útdeila Blúsbrauði líkt og frelsarinn forðum (orðið “brot” á þýzku þýðir “bauð”). Þetta leiðréttist þó fljótt og Garðar og félagar útdeildu þess í stað firna góðri tónlist og náðu hörku tókum á salnum.



Dóra Jóhannsdóttir



Addi í Sólstöfum

Edrúlífið 2023

**Edrúlífið veitir gestum innsýn í líf fólks
sem opnar sig um reynslu sína og
þekkingu á lífi án áfengis.**

**Allir velkomnir í Djúpavogskirkju
kl: 13:00, 22. apríl.**

14 ára aldurstakmark (árið gildir)

Með Garðari í för voru Ágúst Ármann Þorláksson á Hammond, Jóhannes M. Pétursson (Jói á Gili) á bassa, Pétur Hallgrímsson á trommur, Jón Hilmar Kárasón á gítar og Guðjón Steinþórsson, einnig á gítar. Auk þess að syngja, þandi Garðar sjálfur svo þriðja gítarinn.

Skemmst er frá því að segja að Blúsbrotið á fullt erindi á hvaða hátíð sem er af þessu tagi. Jón Hilmar er jú bezt gítarleikari á Austurlandi og Garðar, sem gefur honum lítið eftir í snilld á hljóðfærið, er óumdeilanlega snjallasti blússöngvari í fjórðungnum og réttnefndur BLÚSKÓNGUR. Pétur er viðurkenndur trommari og stendur ætíð vel fyrir sínu og Jói, sem líklega hefur spilað minnst þeirra í seinni tíð gerði það sem góður bassaleikari á að gera, fylla upp í bitíð en halda sér passlega til hlés. Það þarf ekki að fara orðum um færni Ágústar Ármanns, þegar hljómlist er annars vegar og þótt hann væri að spila á Hammond í fyrsta sinn í 31 ár, virtist það ekki há honum. Guðjón er líka fanta góður á gítarinn en hafði sig of lítið í frammi.

Sem sagt; Annað kvöldið var þrælgott og öllum, sem að komu til sóma. Félagarnir í Blúsbrotinu tóku það sérstaklega fram við undirritaðan að þeir fögnuðu þessu framtaki með Hammond – hátíðina hér á Djúpavogi og telja Svavar eiga mikinn heiður skilinn fyrir að koma henni á.

Laugardagurinn

- Landsliðin stóðu sig misjafnlega vel –

Laugardaginn 2. júní voru landslið á vegum Íslendinga að reyna að halda uppi heiðri landans á a.m.k. 2 vígstöðvum. Knattspyrnuliðið náði aðeins 1/3 af mögulegum stigafjölda á móti “Lítt á Steina”, en blúslandsliðið mætti í Íþróttahúsið á Djúpavogi og skoraði vel.

Í landsliðshópnum voru: Halldór Bragason (hver vill ekki vera vinur Dóra), Jakob Frímann Magnússon (Hammondmaður í stuði), Ásgeir Óskarsson (með “prikni á lofti”), Eðvald Lárusson (eitt af gítargúrúum landsins) og Guðmundur Pétursson (vopnaður bassa í þetta sinn og glettilega góður). Markvörður og vítaskytta var Andrea Gylfadóttir og klikkaði hún hvorki í vörn eða sókn.

Í stuttu máli sagt færðu þau u.þ.b. 200 áheyrendum eyrnakonfekt í bezta gæðaflokki og ljóst að erfitt verður fyrir starfandi landsliðsþjálfara á næsta árið að ganga fram hjá þeim. Andrea er blússöngvari í heimsklassa og framkoman skemmir sko ekki fyrir. Ekki er ástæða til að bera saman frammistöðu hópsins s.l. laugardagskvöld og þeirra sem voru í sömu sporum á Hótel Framtíð fyrir rúmu ári síðan, enda eru tvennir tónleikar aldrei eins. Að mati undirritaðs voru tónleikarnir fyrir ári síðan “léttari og búsaðri” og ljóst að þar náðist upp betri stemming (líklega spilaði salurinn þar inn í), en tónleikarnir 2. júní voru einstaklega áheyrilegir og skilja sem slíkir meira eftir þegar upp er staðið.

Í hléi léku ungir heimamenn (sjá umfjöllun um 1. kvöldið) og eins og vænta mátti geta menn áfram verið stoltir af þeim.

Fyrr þennan sama dag höfðu Agnar Már Magnússon og Hrund Ósk Árnadóttir troðið upp í Löngubúð og heillað áheyrendur upp úr skónum með snjölum flutningi. Því miður var ljósmyndari hátíðarinnar vant við látinn og það hreinlega gleymdist að nálgast myndir af þeim Agnari og Hrund. Ef einhver, sem þetta les, á mynd af þessum viðburði í fórum sér væri hún vel þegin af heimasíðunni.

Sunnudagurinn

- Hammond-orgelið á heimavelli –

Þeir sem sóttu upphafskvöld og 3ja kvöld Hammond-hátíðarinnar á Djúpavogi fengu beint í æð áhugaverðan fróðleik um tilurð Hammond-orgelsins. Úrsmíði að nafni Hammond rann til rifja hve fátækir söfnuðir í Bandaríkjunum áttu erfitt með að verða sér úti um orgel til að nota við kirkjulegar athafnir. Hann ákvað að smíða grip til að bæta úr þessu og úr varð hljóðfæri, sem ekki hefur eingöngu verið notað í kirkjum, heldur einnig orðið einn mesti áhrifavaldur í rokk-sögunni og leitt af sér marga snillinga bæði “gengna og gangandi”.

Á fjórða degi Hammond-hátíðarinnar var orgelið komið á heimavöll, því það var notað við sjómannadagsmessu í Djúpavogskirkju. Sóknarpresturinn, Sr. Sjöfn Jóhannesdóttir, predikaði og kirkjukórinn söng við undirleik organistans, Svavars Sigurðssonar. Einleik á trompet lék Otto Meier.

Á eftir messu spilaði Svavar síðan nokkur sjómannalög við góðar undirtektir.

Á þennan viðeigandi hátt lauk Hammond-hátíð Djúpavogs árið 2007. Hátíðin var nokkru betur sótt en upphafsárið 2006, en ljóst að það er langt í land áður en okkur tekst að markaðssetja hana betur hér fyrir austan. Orðspor hennar hefur þó greinilega aukizt og bezta auglýsingin verða ánægðir tónlistargestir og -flytjendur og sífellt stækkar hópur beggja. Þeir sem komu lengst af voru líklega Valdís Ingimundardóttir og Þórður Ársælsson, sem lögðu land undir fót alla leið frá Akranesi. Mestan heiður af því að sækja alla viðburði hátíðarinnar eiga samt heiðurshjónin Erla Ingimundardóttir og Ingimar Sveinsson, sem greinilega eru yngri í anda en við sum hver hin.

(Vegna hugleiðinga hér að ofan skulum við muna, að við getum ekki ætlað til að aðkomufólk komi til okkar á áhugaverða atburði ef við sjálf útnáurumst hér heima þegar atburðir á borð við Hammond-hátíð eru í boði í nágrenni við okkur. Við skulum því vera dugleg að blanda geði við nágranna okkar og blanda geði við þá, þegar þeir bjóða upp á tónleika eða slíkt):

Er hér með öllum þeim færðar miklar þakkir, er lögðu hönd á plóg vegna Hammond-hátíðar, áheyrendum, flytjendum, tæknimönnum, Hótelhaldara og hans fólki, forsvarsmönnum Íþróttamiðstöðvarinnar, styrktaraðilum, starfsfólki hátíðarinnar. Hið sama gildir um alla aðra, sem létu sig varða vöxt hennar og viðgang.

Hammondhátíð 2008

Gagnrýni af www.djupivogur.is

Fimmtudagur

Hammondhátíðin 2008 var sett fimmtudaginn 1. maí á Hótel Framtíð á Djúpavogi. Forsprakki hennar frá upphafi hefur verið Svavar Sigurðsson og setti hann hátíðina að viðstöddu fjölmenni. Í upphafi vega var 1. kvöldið tileinkað heimamönnum en nú hefur "útbreiðslusvæðið" verið stækkað og flytjendur sóttir um stóran hluta Austfirðingafjórðungs. Það þýddi að mönnum var boðið upp á vaxandi hornfirzka sveit, ungliðasveit heimamanna og þetta blússveit úr Fjarðabyggð.

Salurinn á Hótel Framtíð var skemmtilega skreyttur af Silviu Hrómadko og sviðið hafði verið flutt í hinn enda hans m/v flestar uppákomur, sem þar hafa verið til þess. Kom það mjög vel út og gefur fyrirheit um ánægjuleg kvöld framundan.

Kvöldið hófst með Huldu Rós og Rökkurtríóinu frá Hornafirði. Hulda Rós söng, Sigurður faðir hennar Guðnason lék á gítar, Eymundur Ragnarsson sá um slagverkið og Bjartmar Ágústsson sló bassann, bæði þennan "venjulega" sem og forlata kontrabassa. Í fjarveru Heiðars Sigurðssonar sá hr. Hammond, Svavar Sigurðsson, um að þenja Drottninguna (fyrrum Hammond orgel Karls heitins Sighvatssonar).



Prógrammið hófst rólega hjá bandinu sem lék blús og blússkotin lög eftir Tom Waits, Janis Joplin o.fl. Þegar á leið færðist nokkurt fjör í leikinn með meira tempói og skemmtilegheitum og salurinn tók vel við sér. Bandið var þétt og lítið hægt að setja út á það. Hulda Rós er frábær söngkona sem svo sannarlega á framtíðina fyrir sér. Hún hefur gott vald á röddinni, skemmtilegan tón og hefur þetta "extra" sem þarf til að geta sungið blús. Það hefði þó verið gaman að heyra hana fara oftar upp á háu tónana, því hún getur það auðveldlega.

Sé lítið til þess að ekki eru nema nokkrir mánuðir síðan þessi hljómsveit var stofnuð, er óhætt að segja að hún sé „bráðþroska“, því erfitt er að trúa aldrinum þegar þéttleikinn kemur í ljós, maður myndi frekar ætla að þarna væri hljómsveit með nokkurra ára reynslu á bakinu. En hljóðfæraleikararnir sem hana skipa eru ýmist mjög vaxandi eða orðnir þaulvanir.

Ef setja ætti út á eitthvað, væri það lagavalið sem var kannski heldur mikið á rólegu nótunum, t.a.m. var upplappið rólegur blússlagari. Engu að síður opnuðu Hulda Rós og Rökkurtríóið Hammondhátíðina með stæl og hituðu gesti upp fyrir það sem koma skyldi.

Átta ára afrakstur starfs Svavars að tónlistarmálum á Djúpavogi kom berlega í ljós, þegar ungliðasveitin „Friðpíka“ steig á svið, en hana skipa Aron Daði (söngur / bassi), Arnar Jón Guðmundsson, (gítar / trommur) og Kjartan Jónasson, (gítar / orgel). Eins og Svavar sagði, þegar hann kynnti þá félagi, hafa þeir komið fram á öllum hátíðunum þrem og getur hann verið stoltur af því að hafa vísað þeim piltum fram á veg á tónlistarsviðinu. Ljóst er að þeir hafa mikið til brunns að bera og var ánægjulegt að sjá að þeir eru orðnir færir á fleiri hljóðfæri en þau sem þeir hafa farið fingrum um undanfarin ár.

Þannig er Aron Daði, sem hóf feril sinn sem saxófónleikari, orðinn góður söngvari með „örugga framkomu. Arnar Jón, sem hingað til hefur helzt barið húðir er skyndilega orðinn þrælgóður gítarleikari og Kjartan, þekktur sem bassaleikari, kann greinilega einnig að strjúka gítarstrengi og var auk þess ekki feiminn við sjálfa Drottninguna. Það má taka fram að Friðpíka var eina bandið sem flutti m.a. eigið efni þetta kvöld og var það bæði frumlegt og skemmtilegt. Virkilega gott framlag hjá þeim félögum.

Aðalnúmer kvöldsins átti að vera Blúsbrot Garðars Harðar og það gekk svo sannarlega eftir. Með Garðari í för í þetta sinn voru „prófessor“ Ágúst Ármann Þorláksson á Hammond, Þorleifur (sjálfur) Guðjónsson á bassa, Pétur (sankti) Hallgrímsson á trommur og (heilagur) Jón Hilmar Kárasón á gítar. Auk þess að þenja raddböndin sló (meistari) Garðar fagmannlega strengi á gítar sínum. Þeir piltar koma allir úr Fjarðabyggð. Óþarfi er að orðlengja það að þeir félagar eru allir afburða hljóðfæraleikarar. Ágúst Ármann er mjög yfirvegaður á orgelið en fylgir þeim félögum vel eftir og tekur sólóin sín af kostgæfni, þegar honum er uppálagt, áreynslulaust en samt með „filingi“.

Pétur er mjög þéttur trommuleikari og enginn aukvisi þar á ferð, enda hefur maðurinn haldið takti hjá ýmsum þekktustu hljómsveitum sem hafa vaxið upp úr norðfirzku tónlistarlífi og gert það gott. Um hæfni Þorleifs á bassann efast enginn, enda eftirsóttur á landsvísu og auk þess er hann mjög lifandi á sviði. Þess utan blandar hann sér í sönginn og raddar áheyrilega í völdum köflum. Jón Hilmar hefur verið eitt bezt varðveitta leyndarmálið í hljómlistinni fram til þessa, en ljóst að hann er kominn á landsmælikvarða í gítarleik og er því frambærilegur á hvaða sviði sem er. Garðar er lítill eftirbátur hans á gítarinn og blús söngvari er hann af guðs náð og að mati annálsritara á hann þar heima í landsliðshópi. Ekki var þó flutningur þeirra félaga gallalaus, enda ekki atvinnumenn í þeim skilningi á ferð. Þeir vissu þó yfirleitt upp á hár, hvað þeir voru að gera í lögunum en gleymdu því stundum að í upphafi skyldi endinn skoða því í einstaka tilvikum bar á ööryggi þegar klára átti lögin. Hlé, sem þeir félagar tóku á flutningi sínum, virtist gera þeim gott, því þeir mættu tvíefldir til leiks og fóru þá hreinlega á kostum. Ljóst er að Halldór Bragason og félagar þurfa að hafa sig alla við í kvöld svo þeir verði ekki á endanum upphitunarsveit fyrir þá Blúsbrotsfélaga, en líklega eru nú nokkur ár í það.

Vert er að hrósa hljóðmönnum, þeim Jóni Ægi og Magnúsi Kristjánssyni fyrir þeirra framlag, því sjaldan hefur „sándið“ borizt betur um húsakynninn á Hótel Framtíð.



Föstudagur

Það voru svo sannarlega engir aukvisar á ferð á Hótel Framtíð, þegar dagskrá föstudagsins 2. maí hófst. Halldór Bragason (Dóri Braga) er einn þeirra örfáu, er komið hafa fram á öllum hátíðunum þrem hingað til. Hann getur talist skírnarvottur hátíðarinnar og er ein helzta hjálparhella Hr. Hammond (Svavars Sigurðssonar) að laða til þátttöku ýmsa meistara á sviði blústónlistarinnar eins og flytjendalistinn undanfarin ár ber með sér. Hann bauð þetta árið upp á fjóra landsþekkta snillinga, hvern á sínu sviði; þ.e. Þóri Baldursson á Hammond, Ásgeir Óskarsson á trommur, Jón Rafnsson á bassa og Björn Thoroddsen á gítar. Auk þess var Dóri vissulega þarna sjálfur og er orðinn nokkurs konar vörumerki þeirrar tónlistar sem hann hafur einbeitt sér að og á rætur sínar meðal annars í Amríku en hann er snjall tregasöngvari og pottþéttur blúsgítarleikari.

Þegar Riotbandið hóf leik sinn skynjuðu viðstaddir strax að þarna voru heimsklassa tónlistarmenn á ferð. Krafturinn sem einkenndi leik þeirra í byrjun skilaði sér þó ekki alveg til enda, einkum vegna þess að treginn varð gleðinni og hressileikanum yfirsterkari í tilfellum. Með þessu er ekki verið að kasta rýrð á flutning þeirra félaga sem var hafinn yfir alla gagnrýni. Þórir Baldursson fór að sjálfsgöðu létt með að heilla Drottninguna enda einn reyndasti og færasti Hammondleikari Íslandssögunnar þar á ferð. Þess má til gamans geta að þegar Þórir mætti á Djúpvog á föstudeginum voru ekki liðnar nema 10 mínútur þegar hann var búinn að rífa Hammondgarminn allan í sundur til að stilla allt upp á nýtt. Jón Rafnsson mætti með forláta „Kontrafbassa“ og lék á hann af sinni alkunnu snilld, algerlega hnökralaus flutningur hjá honum. Halldór Bragason kann þetta allt saman frá A-Ö, þekkir hvert einasta blúslag út og inn og gerir þetta nánast „með annarri“. Mörg sóló, sem boðið var upp á, voru sannarlega á heimsælikvarða og fingrafimi Björns Thoroddsen er slík að ekki er furða þó „Jazzlögga“ í Kanada hafi verið nálægt því að handtaka hann fyrir of hraðan gítarleik á sínum tíma. Sóló kvöldsins var þó engu að síður „húðstrýking“ Ásgeirs Óskarssonar á trommusetti annars undirritaðs enda sýndi salurinn ótrúleg viðbrögð og þá fyrst fóru menn virkilega í gang. Ásgeir kom einnig mörgum á óvart með skemmtilegum söng í Procol Harum lagiinu A whiter shade of pale.

Það eitt að bjóða gestum Hammondhátíðar upp á jafn stór nöfn og þarna voru á ferð sýnir hve langt hún er komin í að vinna sér sess og viðurkenningu meðal fremstu tónlistarmanna þjóðarinnar á þessu sviði.

Laugardagur

Það er nokkuð ljóst að þeir sem veltu því fyrir sér hvort þeir ættu að mæta á Stórsveit Samma á Hótel Framtíð í gær og ákváðu svo að mæta ekki, ættu svo sannarlega að þjást af ekka í hálsinum í dag og jafnvel einhverja næstu daga.

Við undirritaðir veltum því lengi fyrir okkur hvernig hægt væri að gagnrýna svona kvöld eins við urðum vitni að í gær. Á endanum, eftir miklar þælingar um faglega gagnrýni, varð niðurstaðan sú að við ætlum að birta fyrstu "orðlausu" gagnrýnina á Íslandi, að því við best vitum.

Ástæðan er einföld. Við erum gjörsamlega orðlausir og teljum kvöldið hafið yfir alla gagnrýni. Við þökkum einfaldlega fyrir okkur.

Sunnudagur

Jæja, þá er nú Hammond-hátíðin búin þetta árið.

Henni lauk með tvennum tónleikum og ríflega það í Djúpavogskirkju sunnudaginn 4. maí og að sjálfsgöðu var hljóðfærið, sem hátíðin er kennd við, í forgrunni og setti sterkan svip á athöfnina frá upphafi til enda. Gestir voru fjölmargir og munu hafa losað 100, þannig að þetta varð næst bezt sótti viðburður hátíðarinnar. Kór Djúpavogskirkju hafði í vetur og vor æft mjög áheyrilega dagskrá undir stjórn Svavars Sigurðssonar, sem einnig lék undir, en auk þess nutu flytjendur í nokkrum lögum undirleiks Kristjáns Marteinssonar (úr Stórsveit Samma / sjá umfj. um kvöld 3), sem kom til skjalanna með stuttum fyrirvara og leysti hlutverk sitt af hendi með miklum ágætum. Kórinn er sífellt vaxandi og þó að karlaraddirnar væru veikar í tilfelli m/v raddir sönggyðjanna, hljómaði flest mjög vel og glaðlegt yfirbragð flytjenda varð til þess að „salurinn komst í stuð“. Undir lokin voru allir viðstaddir staðnir upp og klöppuðu í takt, þegar Svavar hafði sett upp hálfgerða sýningu á því hvernig Hammondinn var nýttur í kirkjum víða í Bandaríkjunum til að skapa þá stemmingu, sem m.a. má sjá í ýmsum kvikmyndum fyrri ára.

Eftir hlé, kaffi og kökur buðu Svavar og Berglind Einarsdóttir upp á eitt þekktasta verk úr smíðju J.S. Bach, „Air on a G string“ og var framganga þeirra mjög áheyrileg eins og við mátti búast. Berglind er helzta tromp heimamanna á sviði söngmennta og kemur allt of sjaldan fram sem einsöngvari, en auk þess að syngja eins og engill er framkoma hennar og virðuleiki á sviði henni mjög til sóma.

Ekki má láta hjá líða að nefna frumlegar kynningar Svavars á efni því sem hann kom að sem stjórnandi, þótt hann virkaði þreyttur og stundum eins og réttur andi væri ekki yfir honum.

Að þessu búnu kynnti Svavar til leiks Kristjönu Stefánsdóttur og Tregasveit hennar, en hana skipa; Agnar Már Magnússon á hljómborð, Scott McLemore á trommur og Ómar Guðjónsson á gítar (en hann er einnig ein aðal skrautfjöðrin í Stórsveit Samma). Skemmst er frá að segja að þarna voru frábærir tónlistarmenn á ferð, enda við hæfi, þar sem Kristjana sjálf er enginn aukvisi og hefur nú fest sig í sessi sem ein af drottningum Íslands á sviði jazz- og blústónlistar, en hún gerði einkum blúsnum skil í þetta sinn. M.a. flutti hún lög af væntanlegum hljómdiski sínum og hafði með í farteskinu tvö eigin lög - virkilega góð - sem hún frumflutti í Djúpavogskirkju. Fyrir okkur Djúpavogsbúa var það sérstök ánægja, þegar Kristjana kallaði á svið með sér hálfgerðan heimamann, Birnu Sif Snæbjörnsdóttur, en hún hefur m.a. getið sér gott orð, sem einn af þeim flytjendum, er urðu hvað langlífastir í Bandinu hans Bubba. Sungu þær saman lag Gershwin, „Summertime“ og gerðu það báðar virkilega vel. Er greinilegt að Birna Sif á framtíð fyrir sér á sviði sönglistar.

Ég verð að geta þess í lokin, að þegar Kristjana kynnti eitt laga sinna greindi hún á áhrifamikinn hátt frá kynnum sínum af Karli heitnum Sighvatssyni og þeirri tilviljun að hún skyldi standa á þessari stundu við hliðina á þekktasta hljóðfæri þess tónlistarmanns, er hún hóf feril sinn hjá.

Hammondhátíð 2009

Gagnrýni af www.djupivogur.is

Fimmtudagur

Hammondhátíð 2009, sú hin fjórða í röðinni, hófst í gær, á sumardaginn fyrsta.

Herra Hammond sjálfur, Svavar Sigurðsson, steig fyrstur á svið og setti hátíðina.

Fyrstu flytjendur þetta kvöld áttu að vera Hjálparsveit organista á Austurlandi; Kári Þormar, Daníel Arason og Einar Bragi Bragason. Þeirra hlutverk var að hita upp fyrir hina mögnuðu stórsveit Tónleikafélags Djúpavogs. Þegar á reyndi forfallaðist Einar Bragi, en það kom ekki að sök, því Kári og Daníel stóðu undir nafni og fluttu fjölmörgum áheyrendum ýmis kirkjuleg og/eða klassísk orgelverk. Kári kvaðst vera að spila á Hammond í fyrsta sinn á ævinni og Daníel steig báruna við virðulegt Roland apparat. Þeir félagar fóru hægt af stað, en náðu vel til áheyrenda, enda fengu þeir uppklapp að lokum en það er mjög sjaldgæft hjá organistum í þeirra aðalstarfi. Um kunnáttu þeirra á þessu sviði þarf sannarlega ekki að orðlengja og skiluðu þeir orgelverkunum glæsilega frá sér.

Eftir á að hyggja hefði þessi hluti tónleikanna einnig átt vel heima í Djúpavogskirkju, en þar sem kreppan olli því að skera þurfti niður um 1 dag, bitnaði það á hefðbundnum lokatónleikum í kirkjunni.

Að loknu stuttu hléi fóru drengirnir í Tónleikafélaginu að stilla upp og eftir örlitla tæknilega örðugleika sem tengdist magnaravandræðum lagði bandið úr vör. Eingöngu karlpeningur var á sviðinu í fyrsta laginu, en strax að því loknu birtust tvær blómarósir frá Djúpavogi og hækkaði þá fegurðarvísitalan á sviðinu um helming.

Aðalsöngvarinn, Kristján Ingimarsson, þreytti einnig frumraun sína á Hammondorgelið og gerði áhorfendum á skemmtilegan og áheyrilegan hátt grein fyrir efni dagskrárinnar með stuttum brotum úr sögu Pink Floyd, en tónlistin var eingöngu ættuð frá þeim félögum. Fór Kristján vel yfir þátt Syd Barrett sem hætti snemma í hljómsveitinni sökum veikrar geðheilsu, og hversu mikið textasmíðar Pink Floyd á tímabili tengdust brotthvarfi Syd. T.a.m. kom fram að lagið Shine on you crazy diamond fjallar um Syd og er skírskotun í nafnið hans í titli lagsins, Shine you diamond = SYD.

Fram kom í upphafskygningu að tónlist Pink Floyd væri ekki fyrir byrjendur og vissulega er ekki „sveifla“ í öllum lögum þeirra. Hljómagangurinn er oft flóknur en tónlist Pink Floyd hefur heillað gífurlega marga og meðal annars hafa verið settir upp heilu tónleikarnir hér á Íslandi með efni þeirra félaga, samanber Dúndurfréttir sem er talin ein bezta ábreiðuhljómsveit (cover band) í heimi. Til þess að gera langa sögu stutta vakti dagskráin mikla hrifningu viðstaddra og stóðu flytjendur sig mjög vel í heild. Hrynsveitin (Óli trommari og Guðmundur Hjálmar á bassa) voru pottþéttir og eru báðir afburða hljóðfæraleikarar. Um gítarleik sáu Jón Ægir (nýrakaður), Ýmir Már (Sonny Seagull) og Jón Einar (Johnny Lonesome). Jón Ægir hefur áður tekið mörg góð gítarsólóin og bætti rósum í hnappagat sitt í gær. Ýmir virkar mjög „kúl“ á sviðinu, yfirvegaður og afslappaður en kann svo sannarlega að teygja strengina. Jón Einar var meira í hljómaganginum en gerði það af stakri þrýði.



Kristján kom á óvart sem Hammondleikari og hefur auk þess náð góðum tókum sem söngvari á efni úr smíðju Pink Floyd. Síðast en ekki síst skal nefna söngdívurnar Írisi og Önnu Margréti sem sungu aðallega bakraddir og gerðu það vel en hvor um sig leiddi söng í einu lagi. Að margra mati hefðu þær mátt þenja raddböndin meira sem slíkar. Svo heppilega vildi til að hljómsveitin hafði í pokahorninu tvö upplappslög og ætlaði þá allt um koll að keyra í salnum.

Margir hafa talið upphafskvöld undanfarinna Hammondhátíða eitt af því sem setið hefur eftir, en þá hefur verið lögð áhersla á að nýta heimamenn til flutnings. Aðsóknin hefur jafnan verið góð á þessi kvöld en í gær sló hún öll fyrri met. Áætlað er að í salnum hafi verið um 100 manns og voru það að lang stærstum hluta heimamenn.

Föstudagur

Menn skyldu leggja dagsetninguna 24. apríl 2009 á minnið, því sé tekið mið af aðsókninni, undirtektum gesta og frábærum flytjendum, má sannarlega halda því fram að Hammondhátíðin á Djúpavogi hafi endanlega fest sig í sessi í gær.

Sterk vísbending um þetta kom strax fram á fyrsta kvöldinu hjá Tónlistarfélagi Djúpavogs, sem við sögðum ítarlega frá á heimasíðunni í gær.

Í gærkvöldi urðu fjölmargir heimamenn og álitlegur fjöldi aðkomumanna vitni að einu af best spilandi böndum sem á Hammondhátíð hafa komið. Vissulega hafa margir afburða tónlistarmenn, þau fjögur skipti sem hátíðin hefur verið haldin, heiðrað hana með nærveru sinni. Samstillingin, krafturinn og gleðin sem sem skein út úr leik Landsliðsins var þvílík að salurinn varð strax með á nótunum frá fyrsta lagi og í loftinu lá að þarna væri stór viðburður að gerast.

Landsliðið var mætt. Innanborðs var afskaplega lifandi trommari, Birgir „von Slaghammer“ Baldursson sem hélt mönnum við hrunadansinn. Um takfestu auk hans, sá hinn afskaplega geðþekki bassaleikari, Róbert Þórhallsson. Hammondið þandi hinn óviðjafnanlegi Davíð Þór Jónsson og féll þar hver tónn sem flís við rass. Gítarleikarann Guðmund Pétursson þurfa menn helst að sjá á sviði til að skynja hversu brjálæðislegagóður hann er og er það mat undirritaðra að hann sé á pari við þá allra bestu í heimi hér. Dóri Braga bregst aldrei; pottþéttur söngvari og gerir flókna hluti einfalda og er fyllilega maður fyrir sinn hatt.

Biðin eftir hinni frábæru Ragnheiði Gröndal, sem steig á svið eftir hlé, var fullkomlega hennar virði en hún sannaði sig virkilega sem ein af bestu blússöngkonum landsins og líkamstjáningin var svo sannarlega í lagi. Þar að auki sýndi hún góða takta á Hammondorgelið, enda er hún, eins og flestir vita, afburða píanóleikari.

Aðstandendur heimasíðunnar gætu vissulega haft langt mál uppi til að dásama framgöngu hljómsveitarinnar þetta kvöld, en við teljum að myndirnar og ofangreint eigi að sýna og segja meira heldur en mörg orð.

Þegar menn koma á tónleika sem þessa þá er ekki allt sýnilegt sem að baki þeim stendur. Þörf er á góðum flytjendum og þeir þurfa að hafa brúkleg tæki í höndunum til að koma list sinni á framfæri. Flestir koma með afburðatæki í eigin eigu en önnur eru leigð eða lánuð á staðnum. Má þar nefna trommusett, hluta af magnarakerfi, söngkerfi og síðast en ekki síst Hammondorgelið sjálft, sem í þetta skipti er í eigu Kidda í Hjálmmum, en hann hefur reyndar lofað að mæta með bandið sitt á næstu hátíð.

Nú liggur fyrir að falt er hljóðfæri af þessari gerð og hefur vaknað áhugi hér á Djúpavogi að standa að kaupum á því. Miðað við hve rætur Hammondorgelsins eru orðnar sterkar hér á Djúpavogi væri vel við hæfi að tryggja staðnum slíkan grip, þar sem ekkert bendir til annars en að Hammondhátíðin sé komin til að vera.

Heimasíðan minnir á þátt Svavars Sigurðssonar, Herra Hammonds, sem fékk Dóra Braga í lið með sér á sínum tíma og þeir tveir hafa í gegnum góð sambönd tryggt hátíðinni háan gæðastuðul frá upphafi. Upplýsingar um þá sem styrkja hátíðina er að finna á heimasíðu hennar en aðal styrkurinn og stuðningurinn kemur þegar upp er staðið frá fólkinu sem ákveður að gera sér glaðan dag og mætir ár eftir ár.



Laugardagur

Lokavöld Hammondhátíðar 2009 fór fram á laugardagskvöldið og hófst skömmu áður en fyrstu kosningartölur fóru að berast frá talningarstöðum.

Þeir hörðustu sátu heima og biðu eftir risi eða falli sinna pólitísku stjarna en hinar eiginlegu stjórnur kvöldsins risu á sviðinu á Hótel Framtíð. Mættur var KK með einvala lið; gamlan þjáningabróður sinn, Þorleif Guðjónsson á bassa, stuðboltann Ásgeir Óskarsson á trommur og Jón „óvenjugóða“ Ólafsson á Hammond. Sándið hjá KK er nokkuð auðþekkt en á bakvið það þetta kvöld voru pottþéttir náungar sem gerðu það jafnvel enn betra. KK náði fljótt góðum tókum á salnum og menn voru farnir að panta óskálög löngu fyrir hlé.

Stöðfirska hjartað í nokkrum viðstaddra tók aukakippi þegar leynigestur kvöldsins, Garðar Harðarson steig á svið. Eins og komið hefur fram í umfjöllun okkar undanfarin ár er Garðar ókrýndur konungur austfirska blúsins og ekki var að sjá annað en að KK kinkaði kolli í viðurkenningarskyni sem og aðrir viðstaddir enda framgangur Garðars honum til mikils sóma.

Óhætt er að segja að tónleikarnir hafi verið vel upp byggðir hjá KK og greinilegt er að hann er laginn við að byggja upp stemmingu. Eftir hæfilegt hlé og sötrað te mættu þeir félagar tvíefldir til leiks og brátt kom að því að hóteltjórinn fór að sjá eftir því að hafa ekki látið hnykkja alla naglana í þakklæðningunni því þeir vegbúar voru m.a. klappaðir tvisvar upp og sá KK ekki annað í stöðunni í seinna skiptið en að reyna að róa mannskapinn niður með angurværum tónum og um leið sínu allra besta lagi, When I think of angels.

KK og félagar: Hafið heila þökk fyrir komuna og vonandi sjáum við ykkur sem fyrst aftur.

Að öðru leyti vísum við til „væmins“ texta okkar sem tengist kvöldi númer tvö á Hammondhátíð og segjum:

Sjáumst að ári!

SUMARTÓNLEIKAR DJÚPAVOGSKIRKJU 2023

Sumarið 2023 verður tónleikaröðin Sumartónleikar Djúpavogskirkju haldnir á tímabilinu júní - ágúst. Djúpavogskirkja hentar vel til tónlistarhalds. Hljómburður er góður og því er um að gera að nýta kirkjuna betur sem tónleikastað yfir sumartímann. Tónleikaröðin er hugsuð bæði til að gefa tónlistarfólki tækifæri til að koma fram en ekki síður til að bjóða íbúum og gestum upp á betra aðgengi að lifandi tónlist en Djúpavogsbúar þurfa oft að aka um langan veg til þess að njóta menningarviðburða. Efnistökin verða fjölbreytt bæði hvað varðar stefnur og flytjendur en reiknað er með að í tímans rás verði hægt að bjóða upp á allt litróf tónlistarinnar, s.s. kórtónleika, klassíska tónlist, popptónlist, jazz, rokk, þjóðlagatónlist og svo mætti lengi telja. Á tónleikunum munu koma fram bæði listafólk frá Djúpavogi og nágrenni en einnig fólk annarsstaðar frá og á meðal flytjenda í sumar verða Olga Vocal Ensemble og svo Jón Ólafsson og Hildur Vala.



Ljósmynd: Maciej Pietruńko

Dagskráin er ekki fullmótuð en hún verður auglýst þegar nær dregur.

Helstu styrktaraðilar verkefnisins eru Uppbyggingarsjóður, BEWI Iceland og Búlandstindur.

„MIG LANGAÐI AÐ VERA HLUTI AF ÞESSUM GRÓSKUMIKLA STAÐ“

Ég flutti hingað á Djúpavog í ágúst 2021 og er því búin að vera hérna næstum tvo vetur. Það var mjög kærkomið að komast hingað í kyrrðina og friðinn. Ég vissi af því að Djúpivogur væri þekktur fyrir að vera hæglatísbær. Cittaslow hæglatísstefnan höfðaði til mín. Er hún stunduð í orði og á borði af Djúpavogsbúum? Hún dregur a.m.k. fólk eins og mig að. Í þessu litla samfélagi liggja, að mínu mati, mörg tækifæri til vaxtar og mig langaði að vera hluti af þessum gróskumikla stað. Ég sá auglýsta stöðu deildarstjóra Tónlistarskóla Djúpavogs, sótti um og fékk stöðuna. Ég þekkti til Obbu skólastjóra Djúpavogsskóla og vissi að hún var listgreinakennari sem var góðs viti að mínu mati. Tónlistarskólinn er nú starfræktur innan grunnskólans og í góðu samstarfi við hann. Ég lauk meistaraþráðu í listkennslufræðum frá tónlistardeild LHÍ árið 2015. Í LHÍ öðlaðist ég sýn, að upplifun, náttúra og listir eru þeir hornsteinar sem reynast vel í aðkomu að námi annarra. Ég brenn fyrir nýjungum í skólastarfi og sá að hér væri hægt að gera ýmislegt í litlum skóla og þróa starfið. Mér finnst kennarar og skólastjórnendur Djúpavogsskóla vera sveigjanlegir, samvinnuþýðir og tilbúnir til að prófa nýja hluti. Mig langar til að valdefla nemendur, efla sjálfstraust þeirra, gefa þeim hvatningu, innblástur og nærandi rými til að dafna. Tækifærin til að mennta og efla ungviðið hér á landi liggja að mínu mati í náttúrutengingunni sem við höfum svo sannarlega aðgang að í nærumhverfi Djúpavogs. Þessi sterka náttúrutenging sem hér er, er eitthvað sem ég sækist eftir. Mér finnst Djúpivogur alveg magnaður staður og væri alveg til í að vera hérna áfram og mér finnst fólk hérna vera með opinn hug og ég finn fyrir velvilja í minn garð. Ég á þrjár uppkomnar dætur á höfuðborgarsvæðinu og eina ömmustelpu. Ég bý með tíkinni Grósku, en kannski flytur kærastinn til mín.

Samið milli þúfna í Þórarinshrauninu

Berglind



Berglind Björgúlfsdóttir



Dæturnar þrjár

KÖKUBASAÐ

TIL STYRKAR UNGLINGUM
DJÚPAVOGS & FERÐALAGS
ÞEIRRA Á SAMFESTINGINN 2023.
LAUGARDAGINN 22. APRÍL
KL.14-16
Í KJÖRBÚÐINNI



ALFRED KVEÐUR



„Fyrst Kristur veitir kjark, fyrst kærleikur hans uppörvar, fyrst andi hans skapar samfélag, fyrst þar ríkir hlýja og samúð gerið þá gleði mína fullkomna með því að vera einhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál. Gerið ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillát og metið hvert annað meira en ykkur sjálf. Lítið ekki aðeins á eigin hag heldur einnig annarra. Verið með sama hugarfari sem Kristur Jesús var.“ Filippíbréfið 2.1-5

Þessi orð postulans eru falleg og segja margt um lífið í góðu samfélagi þar sem fólk þekkt, ber virðingu fyrir hvert öðru og hjálpast að. Þegar ég þakka fyrir góð ár á Djúpavogi finnst mér þessi orð viðeigandi.

Minningarnar eru margar eftir rúmlega þrjú góð ár á Djúpavogi. Þó svo það verði kveðjumessa á sumardaginn fyrsta reiknum við fjölskyldan með að koma oft í heimsókn. Smalamennska, rjúpnaveiði, hreindýr, stangveiði, Hammondhátíðin og svona mætti lengi telja. Allt eru þetta tækifæri til að koma í heimsókn og auðvitað til að hitta alla góðu vini okkar.

Aðventuhátíðin fyrir jólin í ár er mér minnstæð á þessum tímamótum. Tilfinningarnar báru mig ofurliði og segja í raun margt um hvað okkur fjölskyldunni leið vel fyrir austan. Margar góðar minningar rifjuðust upp. Þegar krakkarnir voru að æfa helgileikinn og kirkjugestir streymdu til kirkju, komu tárin en góður Guð leiddi mig í gegnum stundina eins og alltaf.



Það er ekki sjálfgefið að flutningur úr borginni út á land með stóra fjölskyldu gangi vel. En til að gera langa sögu stutta leið okkur öllum vel og Djúpivogur mun alltaf eiga stað í hjarta okkar allra. Starf mitt sem prestur í Austfjarðaprestkalli var ótrúlega lærdómsríkt og kenndi mér svo margt. Þakklæti er efst í huga fyrir barnastarfið og góða messusókn. Kórin er alveg frábær, útvarpsmessa, streymi á Facebook, N4 upptaka, ferð á Hóla í Hjaltadal og lengi mætti telja. Það er stundum erfitt að vera prestur og mikilvægt að starfa í góðu teymi, það er óhætt að segja að teymið í kringum kirkjurnar á Djúpavogi sé frábært. Sóknarnefndir vinna óeigingjarnt starf í þágu fólksins síns.

Ég á eftir að sakna Djúpavogs og Austfjarða, fjallanna, dalanna og fólksins. Því er draumurinn að koma oft í heimsókn. Það verður mjög sérstakt að sigla ekki í góðu veðri út í Þvottáreyjar í sumar og heimsækja æðarvarpið.

Ég hafði aldrei snert á haglabyssu þegar við fluttum austur, það breyttist á skömmum tíma. Líklega verð ég aldrei mjög góð skytta. En útivistin í kringum þetta sport í góðra vina hópi er mögnuð. Ég lofaði sjálfum mér að tynast ekki á fjöllum á veiðum. En... mikilvægt og gaman er að vera í góðra vina hópi á veiðum, eitt skiptið álpáðist ég einn inn í dal eins og þið munið eftir og m.a. talað um á Þorablótinu. Þar komst ég í hóp með góðu fólki sem hefur villst í Fossárdal. Ég upplifði nokkrum sinnum öflugt starf Björgunarsveitarinnar og þegar ég villtist fékk ég að upplifa það af eigin raun. Þeirra góða starf einkennir að mínu mati samstöðuna í samfélaginu á Djúpavogi.

Takk fyrir okkur, sjáumst heil, Alfred, Eva, Gísli Örn, Anna Margrét, Óskar Örn og Rakel Erla.

Ps. Vonast til að sjá ykkur í kveðjumessu á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 20. apríl kl. 11. Súpa, kaffi og kökur eftir hressandi stund í kirkjunni áður en við skellum okkur á Hammondhátíðina.

„Guð vonarinnar fylli ykkur öll fögnuði og friði í trúnni svo að þið séuð auðug að voninni í krafti heilags anda.“ Rómverjabréfið 15.13

ARS LONGA VIÐ VOGINN



Listamennirnir Sigurður Guðmundsson og Þór Vigfússon eru mörgum kunnugir á Djúpavogi en þeir eru stofnendur samtímalistasafnsins ARS LONGA.

ARS LONGA er sjálfstætt listasafn sem hóf starfsemi sína með sýningu Sigurðar Guðmundssonar Alheimurinn er ljóð sem fór fram í Bræðslunni sumarið 2021 en Sigurður gaf öll verk sýningarinnar í safneignina. Aðdragandann að safninu má þó rekja til Eggjanna í Gleðivík eftir Sigurð sem voru keypt með dyggri aðstoð Djúpavogshrepps þrátt fyrir erfitt efnahagsástand í hruninu. Það hefur þó sannast á þeim árum sem verkið hefur staðið að ekki einungis geta listaverk haft jákvæð áhrif á íbúa og gesti staðarins, heldur geta þau orðið að einkenni og ímynd svæðisins sem gerir hann að sérstökum áfangastað. Styður það við alla þætti í uppbyggingu landshlutans hvort sem lítið er til ómetanlegs menningararfs eða annarra hagfræðilegra ávinninga fyrir svæðið.

ARS LONGA opnaði formlega í húsnæði sínu við Voginn á Djúpavogi í júlí á síðasta ári með tveimur sýningum, Rúllandi Snjóbolta 15 og Tímamótum. Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra ávarpaði gesti með orðunum: „Allar hagrannsóknir sýna að þar sem menntun og menning blómstra þá er líka flott atvinnulífið. Þess vegna þurfum við meira svona um allt land til að tryggja byggð í landinu öllu.“

Stofnun sjálfstæðs samtímalistasafns á Djúpavogi er stórhuga verkefni og á sér ekki hliðstæðu hér á landi. Víðsvegar um heim má þó finna fordæmi slíkra stofnanna þar sem söfn eða ákveðin listaverk í þeirra eigu verða lykilþáttur í aðdráttarafli áfangastaðarins. Metnaður er lagður í að safna og varðveita listaverkæign eftir bæði íslenska og alþjóðlega listamenn. Fjölbreytt sýningarhald og önnur starfsemi kemur til með að verða mikilvæg viðbót við menningarlandslagið á Austurlandi og nærumhverfið á Djúpavogi. Samtímis verður safnið leiðandi vettvangur alþjóðlegrar samtímalistar á landinu öllu. Leiðarljós ARS LONGA er að vera lifandi vettvangur fyrir listir. Á sama tíma mun safneign þess halda um ómetanlegan menningararf til frambúðar.

Sérkenni staðarins er einkennandi í allri starfsemi safnsins og áhersla lögð á safnið sem áfangastað í alþjóðlegu samhengi. Safninu er ætlað að vera áfangastaður menningarferðamennsku. Uppbygging sjálfstæðrar öflugrar menningarmiðstöðvar á svæðinu mun styrkja vægi þess í íslensku menningarlandslagi til framtíðar. Safnið sem áfangastaður á Djúpavogi mun laða að fjölbreytta gesti, innlenda sem erlenda – auka viðsýni og örva samfélagið í heild og þar með efnahagslega framþróun þess.

Múlaþing og ARS LONGA samtímalistasafn hafa gert með sér samkomulag um húsnæðið Voginn á Djúpavogi. Húsnæðið hýsir hið nýstofnaða listasafn en gert er ráð fyrir stórfelldum endurbótum á húsnæðinu á komandi árum.

Stofnendur í samvinnu við sitjandi stjórn safnsins vinna að mótun starfseminnar samhliða fjármögnun og skipulagi á endurhönnun byggingarinnar.

Framkvæmdir húsnæðisins verða unnar í fösum samhliða sýningarhaldi yfir sumartímann. Sérstakur ráðgjafi stjórnarinnar er Ásmundur Hrafn Sturluson, arkitekt og eigandi hjá Kurt og Pí ásamt Steinþóri Kára Kárasyni. Arkitektastofan Kurt og Pí hefur sérhæft sig í endurgerð verksmiðjuhúsnæðis þar sem virðing er jafnframt borin fyrir sögunni. Hafa þeir hannað viðamiklar breytingar á Listasafninu á Akureyri, Ásmundarsal við Freyjugötu, og Marshallhúsinu á Granda og hlutu Hönnunarverðlaun Íslands árið 2017 vegna þess.

Sumarsýning ARS LONGA árið 2023 mun opna þann 8. júlí með sýningu meðal annars á verkum úr hinni sístækkandi safneign ARS LONGA. Sýningarstjórn er í höndum Heiðars Kára Randverssonar, listfræðings og sýningarstjóra.

Djúpavogsdeildin



Skráning er hafin í Djúpavogsdeildina 2023 en deildin fer fram í fimmta sinn í sumar. Leikin verður knattspyrna á Neistavelli og fer leikjafjöldi deildarinnar að sjálfsögðu eftir skráningu liða. Deildin samanstendur af blönduðum liðum og aðstæður eru til fyrirmyndar. Fólki á öllum getustigum knattspyrnunnar er velkomin þátttaka. Sumir leikmenn geta haft bakgrunn í knattspyrnu, forna frægð eða eftirminnileg augnablik í Djúpavogsdeildinni síðustu sumur, á meðan aðrir búa yfir minni reynslu.

Leikreglur

Fjöldi leikmanna á vellinum eru 5 leikmenn í hvoru liði hverju sinni (1 markmaður og 4 útileikmenn). Heildarfjöldi liðsmanna (skiptimenn) hvers liðs er ekki takmarkaður við neinn fjölda.

Lengd leikja

Leikirnir eru spilaðir í tveimur hálfleikjum, 15 mínútum hvorum. 5 mínútna hlé er í hálfleik.

Dómgæsla

Hvert lið fær úthlutað leikjum þar sem það sér um dómgæslu. Það er því eitt lið sem ber ábyrgð á dómgæslu í hverjum leik (annað lið en þau tvö sem spila leikinn að sjálfsögðu). Lið geta útvegað dómara sem er fenginn í verkið eða meðlim úr sínu eigin liði.

- ⚽ Venjulegar knattspyrnureglur gilda í leikjunum.
- ⚽ Innáskiptingar eru frjálssar og ótakmarkaðar

Aldurstakmark

Miðað er við að leikmenn séu gjaldgengir eftir grunnskólaaldur eða á 16 aldursári og eldri.

Praktísk atriði

- ⚽ Stærð vallar verður um 40 m x 25 m.
- ⚽ Djúpavogsdeildarmörkin verða að sjálfsögðu notuð, sérsmiðuð og hönnuð fyrir deildina af Kalla Jóns.
- ⚽ Leikmenn geta aðeins spilað fyrir það lið sem þeir eru skráðir í hverju sinni. En félagsskiptaglugginn opnast á miðju tímabili Djúpavogsdeildarinnar og verður þá hægt að kaupa leikmenn dýrum dómi með þeirra samþykki.

Skráning & skipulag

- ⚽ Skráning í Djúpavogsdeildina er hafin og rennur út 13. maí.
- ⚽ Skráningar skulu berast til djupavogsdeildin@gmail.com. Fram þarf að koma nafn liðs, tengliður/fyrirliði, email og nöfn allra liðsmanna.
- ⚽ Greiðsla skráningargjalds staðfestir skráningu.
- ⚽ Skipulag leikja fer eftir fjölda skráðra liða.
- ⚽ Leikir Djúpavogsdeildarinnar fara fram í júní og júlí og úrslitakeppnin verður í ágúst.
- ⚽ Ef tímasetning leikja hentar liðum illa er það undir því liði komið að leysa úr því með mótherja sínum og finna nýja tímasetningu sem hentar báðum liðum. Tilkynna þarf nýja tímasetningu inn á facebooksíðu Djúpavogsdeildarinnar ef slíkt kemur upp.
- ⚽ Frestun leikja má ekki eiga sér stað síðar en 2 sólarhringum fyrir fyrirhugaðan leiktíma. Ef lið sér ekki fram á að geta spilað leikinn með minna en 2 sólarhringa fyrirvara verður leikurinn gefinn.
- ⚽ Leikskipulag verður tilkynnt á facebook síðu deildarinnar 18. maí.
- ⚽ Þátttökugjald hvers liðs er 5000kr. Gjöldin eru nýtt í verðlaunagripum og annað tilfallandi tengt mótinu.

Punktur frá mótstjórn Djúpavogsdeildarinnar

- ⚽ Gott er að hafa ágætán fjölda í hverju liði þar sem ekki allir komast í hvern leik.
- ⚽ Einungis þeir leikmenn sem eru skráðir í liðið mega spila leikina. Nafn leikmanns þarf að vera skráð til að hann fái að spila. Því er tilvalið að hafa leikmannalistann með öllum þeim sem gætu spilað með liðinu yfir tímabilið.
- ⚽ Gaman er að finna sér lið eftir hverfum, sveitum, fjölskyldum eða vinnustöðum.
- ⚽ Blönduð lið eru mun skemmtilegri og leikmenn af öllum kynjum hvattir til að taka þátt!
- ⚽ Tilvalið er að lið hanni sína eigin búninga. Látið hugmyndaflugið ráða.
- ⚽ Lokahóf verður haldið í lok úrslitakeppninnar, matur og skemmtun. Nánari upplýsingar síðar.

Neisti

FRÁ NEISTA



Aðalfundur Neista var haldinn þann 18. mars sl. Á fundinum var farið yfir stjórn félagsins árið 2022 og verkefni ársins. Á síðasta ári var boðið upp á æfingar í knattspyrnu allt árið, íþróttir á vorönn og frjálsar íþróttir og körfubolta á haustönn. Yfir sumarönnina var svo boðið upp á sundæfingar. Iðkendafjöldi á síðasta ári voru 96 talsins en þeim hefur fjölgað smátt og smátt síðustu ár og má þess geta að árið 2020 voru iðkendurnir 78 talsins.

Fimm leikir fóru fram á Djúpavogsvelli síðasta sumar hjá yngri flokkum í knattspyrnu þar sem sameiginlegt lið Sindra/Neista spilaði. Auk þess fór Djúpavogsdeildin fram á vellinum. Á þessum leikjum hefur verið boðið upp á kaffi og þegar yngri flokkarnar spiluðu sjáum við um að fá dómara og línuverði, fáum búningaðstöðu fyrir liðin í íþróttamiðstöðinni auk þess að auglýsa leikina.

Framkvæmdir og verkefni síðasta árs voru fjölbreytt. Við keyptum 2 fótboltamörk af minni gerðinni og eigum nú 2 stór mörk og 2 minni mörk á hjólum. Auk þess eigum við 3 minni mörk án hjóla. Frisbígolfvöllurinn var settur upp í Þórarinshrauni en hann er níu holu/körfu völlur. Þá var körfuboltavöllurinn settur upp þó svo að frágangi í kringum hann sé ólokið. Við fengum gefnar aspir sem voru settar við enda fótboltavallarins. Borið var í pallinn í kringum Neista, keyptir voru boltar fyrir körfubolta og fótboltaæfingar, bætt var við frjálsíþróttabúnaðinn auk annars búnaðar til íþróttaiðkunnar. Við keyptum útiborðtennisborð og stóran hátalara með míkrafónum. Þá var haldið jólabingó, flöskusafnanir og aðrar fjáraflanir sem styrkja starf félagsins. Ljósasund var haldið á dögum myrkurs og innanhúsmót í fótbolta í desember.

Samstarf Sindra og Neista í knattspyrnu er í nokkrum flokkum og byrjaði Íslandsmótið hjá 3., 4., og 5. flokki í mars og var fram í september. Þá tók sameiginlegt lið Sindra/Neista hjá yngstu flokkunum þátt í öðrum mótum eins og Orkumótinu, Setmótinu, TM mótinu og smábæjarleikunum á Blöndósi. Neisti fór með iðkendur á Hattarmótið í knattspyrnu, Sumarhátíð UÍA og sundmót UÍA auk þess sem haldin voru tvö minni körfuboltamót á Egilsstöðum og á Höfn sem iðkendur Neista fóru á.

Framundan

Það sem er áætlað á þessu ári er frágangur við körfuboltavöllinn, lýsing og girðing. Spurningakeppni Neista, Stóri Plokkdagurinn, Vinnudagur Neista í Blánni, 17. júní hátíðarhöld, uppsetning á Frisbígolfkörfum eftir vetrageymslu og til stendur að setja merkingar og skilti upp í sumar. Þá ætlum við að setja upp útiborðtennisborðið og til stendur að kaupa fótbolta/skallatennisvöll sem flöskusöfnun stendur fyrir. Verið er að gera heimasíðu fyrir Neista og unnið er að gerð handbókar félagsins. Okkur langar að þökuleggja hlaupabraut við fótboltavöllinn en auðvitað væri draumur að gera 100 metra tartanbraut auk langstökksgryfju við völlinn. Þá þarf að bæta kalk á völlinn og lagfæra hann. Þá væri gaman ef gerð yrði göngu/hjólaleið í kringum blána út að Borgargarðsvatni og jafnvel í kringum það. Þetta gæti orðið hringur sem væri 1,8 km á lengd og ef farið yrði út fyrir vatnið myndi hringurinn lengjast um 1 km til viðbótar. Á veturna þegar snjálög eru hagstæð væri hægt að nýta stígin fyrir gönguskiði.

Eitt af því sem vantar við Djúpavogsvöll er búningaaðstaða. Hingað til hafa liðin fengið aðstöðu í íþróttamiðstöðinni sem er ekki auðvelt enda sundlaugargestir að nýta búninga- og sturtuðstöðuna og oft mikið að gera yfir háferðamannatímamann. Þetta var auðveldara hér áður þegar íþróttahúsið var lokað yfir sumarið og keppnisliðin gátu nýtt báða klefana og í raun allt húsið fyrir sig. Þá hefur komið upp sú hugmynd að endurlífga meistaraflokk karla og skrá lið í utandeild KSÍ. Stjórn Neista hefur tekið vel í þá hugmynd enda eigum við efnilega knattspyrnumenn sem eflaust vilja spila heima undir merkjum Neista. Hvetjum við áhugasama um að setja saman meistaraflokksráð sem gæti unnið að þessu markmiði þetta árið og skráð lið á næsta ári.

Ný stjórn tók til starfa eftir aðalfundinn og hana skipa Þórdís Sigurðardóttir formaður, Pálmi Fannar Smárason varaformaður, Ingi Ragnarsson gjaldkeri, William Óðinn Lefever ritari.

Þess má geta að það vantar 3 meðstjórnendur í stjórnina og hvetjum við foreldra iðkenda sem og aðra sem hafa áhuga á að láta gott af sér leiða samfélaginu til heilla. Það er margt skemmtilegt á dófinni hjá Neista. Stefnum á að halda spurningakeppni Neista í maí og síðan er það 17. júní hátíðarhöldin. Svo reynum við auðvitað að hafa líf og fjör á vellinum í sumar með æfingum og leikjum.

Utandagskrá Hammondhátíðar

19. – 23. APRÍL 2023

Miðvikudagur 19.04

08:15	Frumflutningur á skólasöng Jóns Sigurðssonar í Rjóðri. Foreldrar boðnir sérstaklega í Samveru og allir velkomnir.	Djúpavogsskóli
15:00	Vöfflukaffi	Tryggvabúð

Sumardagurinn fyrsti

11:00	Sumarmessa og súpa Söngvarar Tónlistarskóla Djúpavogs syngja í Sumarmessu	Djúpavogskirkja
14:00 - 16:00	Krakkaquiz	Langabúð
19:30	Kyrrðarganga og Gongstund	Völustígur í Sandey

Föstudagur 21.04

09:15	Vorið vaknar með Skringli Skógarálfi og Bríeti Blómálfi	Íþróttamiðstöð
10:00	Hammondþrek	Íþróttamiðstöð
12:00	Sunnudagssteik	Við Voginn
14:00 - 15:00	Gongslökun í sundlauginni	Íþróttamiðstöð
17:00 - 21:00	Smurbrauð, öl & snafs	Langabúð
23:00 - 01:00	Eftirpartí	Við Voginn

Laugardagur 22.04

11:00	Bröns	Við Voginn
13:00	Edrúlífið: Dóra Jóhannsdóttir & Addi í Sólstöfum	Djúpavogskirkja
14:00 - 16:00	Kökubasar félagsmiðstöðvarinnar Zion	Kjörbúðin
14:00 - 20:00	Smurbrauð, öl & snafs	Langabúð
15:00 - 16:00	Salmond - matreiðslukeppni	Búlandstindur
16:30	Bjórjóga	Við Voginn
23:00 - 01:00	Eftirpartí	Við Voginn

Sunnudagur 23.04

11:00	Bröns	Við Voginn
-------	-------	------------

Opnunartímar

	Miðv. 19.04	Fim. 20.04	Fös. 21. 04	Lau. 22.04	Sun. 23.04
Íþróttamiðstöð & sundlaug	7 - 21	11 - 15	7 - 21	11 - 15	Lokað
Bakkabúð	Lokað	Lokað	15-17	15-17	Lokað
Notó - Faktorshúsi	Lokað	Lokað	Lokað	15 - 17	Lokað
Við Voginn	11 - 20	11 - 20	11-20 / 23-1	11-20 / 23-1	11 - 20
Hótel Framtíð veitingarhús	12- 15 / 18-21	12-15 / 18-21	12-15 / 18-21	12-15 / 18-21	12-15 / 18-21
Vínbúðin	13 - 18	Lokað	13 - 18	Lokað	Lokað
Steinasafn Auðuns	10 - 18	10 - 18	10 - 18	10 - 18	10 - 18
JFS Handcraft	10 - 18	10 - 18	10 - 18	10 - 18	10 - 18

Free Villi Gallery

Opið þegar bíllinn er fyrir utan



FLEIRI VIÐBURÐIR OG NÁNARI
UPPLÝSINGAR Á MULATHING.IS

